



Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 19. febrúar 2026

MSS25050076

ívs

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 17.2.2026 varðandi eftirfarandi mál:

Tillögur stýrihóps um umbætur í náms- og starfsumhverfi leikskóla - til afgreiðslu

Samþykkt að taka á dagskrá svohljóðandi tillögu borgarstjóra, ásamt fylgiskjöllum, sem vísað var til borgarstjórnar, sbr. 1. lið fundargerðar borgarráðs frá 17. febrúar 2026:

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagðar tillögur stýrihóps um umbætur í náms- og starfsumhverfi leikskóla, dags. 16. febrúar 2026.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins og borgarfulltrúinn Helgi Áss Grétarsson sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er sannfæring samstarfsflokkanna í Borgarstjórn Reykjavíkur að með þessum breytingum á skipulagi leikskólastarfs í Reykjavík séu mörkuð vatnaskil. Breytingarnar fela í sér að boðið verður upp á 36 tíma endurgjaldslausu dvöl fyrir öll leikskólabörn fyrir utan fæðisgjald en tekið er hóflegt gjald fyrir 38 tíma vistun. Þá eru innleiddir nýir afsláttarflokkar sem taka betur mið af raunverulegum aðstæðum einstæðra foreldra, efnaminni foreldra og foreldra barna með lítið bakland. Gjöldin hækka hjá þeim sem hæstar hafa tekjurnar. Lagðar eru fram nýjar tillögur um systkinasameiningu, umsjónarmenn leikskólahúsnæðis, aukna íslenskukennslu fyrir starfsfólk og umsækjendur með annað móðurmál en íslensku, einn lokunardag í vetrarfrí og starfsspjálfun. Markmið vinnunnar er að bæta náms- og starfsaðstæður í leikskólum Reykjavíkur, styrkja faglegt starf, bæta mönnun og minnka álag, samhliða því að auka fyrirsjáanleika og stöðugleika í starfi leikskólans. Tillögurnar byggja á þverpólitísku starfi sem kynnt var á haustdögum og fór í kjölfarið í umfangsmikið samráðsferli við foreldra, starfsfólk, leikskólastjórnendur og verkalýðsfélög. Unnið var úr tæplega 200 umsögnum sem bárust í gegnum samráðsgáttina. Vandlega verður fylgst með innleiðingu aðgerðanna, árangur metinn reglulega og brugðist við ef þörf krefur.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:



Reykjavík



Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja fyrirbyggjandi tillögur fela í sér ýmsar jákvæðar breytingar, svo sem innleiðingu systkinaforgangs og aukna íslenskukennslu fyrir starfsfólk. Að öðru leyti lýsa fulltrúarnir verulegum áhyggjum af þeirri þjónustuskerðingu og því óhagræði sem breytingarnar geta skapað fyrir fjölskyldur í borginni. Virðist meirihlutinn keppa að því að bjóða ódýrustu leikskólavistina á höfuðborgarsvæðinu, þegar eðlilegra væri að keppa að því að bjóða bestu þjónustuna. Fulltrúarnir draga í efa að fyrirbyggjandi gjaldskrárbreytingar muni stórbæta starfsumhverfi leikskóla, en telja mikilvægustu aðgerðina til að endurheimta fagfólk aftur, að leikskóladagurinn verði endurskipulagður til samræmis við grunnskólann. Þá leggjast fulltrúarnir gegn þjónustuskerðingum í vetrarleyfum en leikskólaþjónusta hefur verið skert verulega á síðustu árum. Foreldrar með börn í grunnskóla og leikskóla geta þurft að leysa allt að 70 frídaga barna sinna árlega, en fólk á almennum vinnumarkaði nýtur aðeins 24-30 frídaga árlega. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks undirstrika mikilvægi þess að leikskólaþjónusta í Reykjavík sé fjölskylduvæn, fjölbreytt og sveigjanleg. Fjölskyldum bjóðist úrval valkosta, svo sem borgarrekni leikskólar, sjálfstætt starfandi leikskólar, daggæsla á vinnustöðum og heimgreiðslur, svo dæmi séu tekin.

Borgarfulltrúar Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Að frumkvæði Framsóknar var hafin vinna fyrr á kjörtímabilinu við að greina kosti og galla þeirra leiða sem sveitarfélög höfðu farið til þess að bæta starfsaðstæður í leikskólum. Framsókn telur afar brýnt að bæta starfsaðstæður leikskólakennara og skapa hvata til þess að foreldrar skrái réttan dvalartíma barna. Ný gjaldskrá er mun skárri er sú sem kynnt var fyrir áramót og Framsókn mótmælti harðlega. Óljóst er þó hvort gjaldskráin nái þeim tilgangi að stytta dvalartíma barna og þannig bæta starfsaðstæður barna. Framsókn fagnar aukinni íslenskukennslu fyrir leikskólastarfsfólk en telur að viðmiðið hefði mátt vera þyngra. Einnig vantar viðmið um fjölda starfsfólks með góða íslenskukunnáttu á hverri deild. Tillaga um markvissari nýliðapjálfun er til bóta. Framsókn furðar sig á tillögu um „systkinasameiningu“, í henni felst engin breyting á núverandi fyrirkomulagi. Þá er ekkert komið inn á bættan leikfanga- eða námsgagnakost né hljóðvist eða birtu í leikskólum sem hefur mikil áhrif á starfsumhverfi leikskóla. Framsókn leggst gegn því að bætt sé við lokunardegi í vetrarfríi enda felur það í sér skerðingu á þjónustu við fjölskyldur. Af þessum sökum situr Framsókn hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúi Viðreisnar leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Viðreisnar fagnar því að stýrihópurinn hafi hlutstað á tillögur Viðreisnar við úrbætur tillögunar. Enn standa eftir áhyggjur af stöðugum hvata til fækkunar vistunartíma og vill Viðreisn fremur sjá áherslur á að bjóða gæðapjónustu lengur og með sveigjanlegri opnunartíma til að geta betur mætt ólíkum þörfum íbúa borgarinnar. Umsjónarmenn fasteigna eru frábær viðbót og takmarkar vonandi lokanir vegna viðhalds og viðgerða. Einnig gerir fulltrúinn athugasemd við að horft sé til fjölskyldunúmers er varðar systkini við úthlutun leikskólapláss. Nútímafjölskyldur falla oft undir ólík fjölskyldunúmer og væri því betra að horfa til þess í víðara samhengi, s.s. með forsjágrunn, og þátturinn sé þannig ekki bundinn einum þætti. Þá verður að segjast að afsláttarkerfið minnir óneitanlega á tekjutengingu en áhrif slíkrar tengingar geta verið neikvæð og dregið úr atvinnuþátttöku tekjulágra og ber að varast. Að lokum virðist mikið kapp lagt á að gjöldin séu lægri en hæstu gjöld annarra sveitarfélaga óháð kostnaði við vistunina



sem verður að teljast einkennilegt þegar horft er til eins stórrar rekstrareiningar og leikskólar eru í borgarkerfinu. Gjaldfrjáls leikskóli 36 tíma á dag er ekki sú sýn sem fulltrúinn hefur á það hvernig best megi reka þennan þjónustulið.

Borgarfulltrúinn Helgi Áss Grétarsson leggur fram svohljóðandi bókun:

Ágreiningslaust er að bæta verði náms- og starfsumhverfi leikskóla. Fyrirliggjandi tillögur stýrihóps um umbætur í náms- og starfsumhverfi leikskóla eru yfirgripsmiklar. Um verulegar breytingar er að ræða miðað við eldri tillögur sama stýrihóps (MSS25050076) frá október 2025. Borgarfulltrúar fengu fyrst tækifæri í morgun, þriðjudaginn 17. febrúar, til að kynna sér tillögurnar. Þótt sumt í tillögunum hugnist borgarfulltrúanum þá er ólíklegt að þær gangi nógu langt til að draga verulega úr mannekluvanda leikskólakerfisins. Einnig er kostnaðaraukinn við tillögurnar líklegast vanmetinn. Með hliðsjón af þessu treystir borgarfulltrúinn sér ekki til að styðja tillögurnar og situr hjá.

Dís Sigurgeirsdóttir
e.u.

Hjálagt:
Tillaga borgarstjóra
Afrit:
Skóla- og frístundasvið



Reykjavík



Borgarráð

Reykjavík, 16. febrúar 2026

MSS25050076

Tillögur stýrihóps um umbætur í náms- og starfsumhverfi leikskóla

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagðar tillögur stýrihóps um umbætur í náms- og starfsumhverfi leikskóla, dags. 16. febrúar 2026.

Greinargerð

Stýrihópur um umbætur í náms- og starfsumhverfi leikskóla lagði fram í byrjun október 2025 tvær megentillögur í drögum sem hann óskaði eftir að yrði vísað til skóla- og frístundaráðs og færi þaðan í víðtækt samráðsferli. Tillögurnar voru birtar í samráðsgátt Reykjavíkurborgar sem var opin frá 15. til 29. október 2025. Gerðar hafa verið breytingar á tillögunum með tilliti til umsagna sem bárust. Þær snúa að breytingum á fyrri tillögum um tekjuviðmið, gjaldskrá og skráningardögum. Að auki eru lagðar til fimm nýjar tillögur er varða umsjónarmann húsnæðis í leikskólum, systkinasameiningu, lokun leikskóla í einn dag í vetrarleyfi í febrúar 2027, íslenskukennslu og stuðning fyrstu dagana við nýtt starfsfólk sem hefur ekki áður starfað í leikskóla.

Heiða Björg Hilmissdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Tillögur stýrihóps um umbætur í náms- og starfsumhverfi leikskóla, dags. 16. febrúar 2026, ásamt fylgiskjöllum.



Reykjavík



Til borgarstjóra

Reykjavík, 16. febrúar 2026

MSS25050076

Efni: Tillögur stýrihóps um umbætur í náms- og starfsumhverfi leikskóla

Stýrihópur um umbætur í náms- og starfsumhverfi leikskóla lagði fram í byrjun október 2025 tvær megingtillögur í drögum sem hann óskaði eftir að yrði vísað til skóla- og frístundaráðs og færi þaðan í viðtækt samráðsferli. Tillögurnar voru birtar í samráðsgátt Reykjavíkurborgar sem var opin frá 15. til 29. október 2025. Lagðar eru fram nýjar tillögur eftir samráð sem m.a. taka tillit til umsagna og ábendinga sem bárust stýrihópnum. Tillögurnar snúa að breytingum á fyrri tillögum um tekjuviðmið, gjaldskrá og skráningardaga. Að auki eru lagðar til fimm nýjar tillögur er varða umsjónarmenn húsnæðis í leikskólum, systkinasameiningu, lokun leikskóla í einn dag í vetrarleyfi í febrúar 2027, íslenskukennslu og stuðning fyrstu dagana við nýtt starfsfólk sem hefur ekki áður starfað í leikskóla.

Stýrihópur um umbætur í náms- og starfsumhverfi leikskóla leggur til að eftirfarandi tillögur verði samþykktar. Þær byggja á ítarlegri vinnu stýrihópsins sem fundaði að jafnaði einu sinni til tvisvar sinnum í viku á tímabilinu og ganga út á nokkrar breytingar á leikskólakerfinu í Reykjavík. Þá verði reglum um leikskólaþjónustu breytt í samræmi við samþykkt þeirra. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í stýrihópnum ákvað að sitja hjá við framlagningu þessara tillagna án bókunar.

Tillaga 1: Fyrirsjáanleiki í skráningu dvalartíma barna og í skipulagi leikskólans

Lagt er til að leikskóladagurinn sé skipulagður á þann hátt að unnið sé með þætti skólanámskrár innan tilgreindra fimm til sex stunda á dag. Þannig er skipulag leikskóladagsins skýrara fyrir foreldra barna sem eykur möguleika þeirra á að skipuleggja betur þann tíma sem þau þurfa fyrir börnin sín í leikskólum. Þannig skapast meiri fyrirsjáanleiki í skráningu dvalartíma barna. Foreldrar sem kost hafa á, eru hvattir til að stytta vistunartíma barna sinna á föstudögum. Þannig er um almenna hvatningu að ræða sem skiptir máli gagnvart leikskólastjórnendum og starfinu á leikskólunum en því sýndur skilningur að ekki hafa allir foreldrar kost á að sækja börn sín fyrr á föstudögum.

Tvisvar á ári verður foreldrum boðið að skrá börn sín í vistun á svonefndum skráningadögum sem listaðir eru sérstaklega og tengjast almennum frídögum og skólafríum. Gjald verður tekið fyrir skráningu þessa daga.

Kostnaðarmat: Án kostnaðar.



Reykjavík



Tillaga 2: Breytt gjaldskrá sem miðast við breytt skipulag leikskóladagsins

Lagt er til að ný gjaldskrá taki gildi sem miðast við endurgjaldslausan leikskóla fyrir 36 stundir á viku. Núverandi afsláttarflokkar víkja fyrir nýjum afsláttarflokkum sem eru næmari fyrir raunverulegum aðstæðum fjölskyldna barna og taka mið af tekjum þeirra. Starfsmannaafsláttur verður 50% af námsgjaldi og systkinaafsláttur helst óbreyttur.

Kostnaðarmat: Breytingarnar eru áætlaðar kosta um 162 milljónir króna á ári. Af þeirri upphæð eru 137 milljónir króna á ári vegna borgarrekinnna leikskóla og 25 milljónir króna vegna sjálfstætt starfandi leikskóla. Áætluð tekjuaukning vegna skráningardaga er 115 milljónir króna á ári. Áætlaður nettókostnaður vegna gjaldskrárbreytinga er því 47 milljónir króna.

Tillaga 3: Innritun systkina á sama leikskóla í stóru innritun

Lagt er til að stuðla að aukinni systkinasameiningu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Leitast verður við að sameina systkini þar sem því verður komið við í stóru innrituninni í leikskóla sem vanalega fer fram í mars. Eftir að stóru innrituninni er lokið verður áfram unnið með nýjar umsóknir vegna systkina út frá fyrra verklagi.

Kostnaðarmat: Án kostnaðar.

Tillaga 4: Umsjónarmaður leikskólahúsnæðis

Lagt er til að ráðnir verði umsjónarmenn fasteigna í leikskólum sem verða með yfirumsjón með leikskólahúsnæði og sjá um minniháttar viðhald og viðvik sem falla undir þeirra verkswið.

Kostnaðarmat: Launakostnaður er um 30 milljónir krónur á ári en gert er ráð fyrir 35 - 45 milljóna króna sparnaði á móti. Sjá greinargerð.

Tillaga 5: Íslenskukennsla í leikskólum

Lagðar eru til fjórar aðgerðir til að bæta tungumálakunnáttu starfsfólks sem hefur ekki íslensku að móðurmáli. Aðgerðirnar miða að því að bæta íslenskt málumhverfi leikskólabarna sem eru á mikilvægu þroska- og máltökuskeiði.

Kostnaðarmat: Áætlaður kostnaður er um 25 – 50 milljónir krónur á ári. Sjá greinargerð.

Tillaga 6: Starfspjálfun ófaglærðs starfsfólks - Blíð byrjun

Lagt er til að leikskólastjórum verði heimilt að ráða inn starfsfólk í leikskóla án þess að börn séu sett í umsjá þess í tvo daga við upphaf ráðningar svo að starfsfólk eigi þess kost að fá námskeið í nýliðapjálfun og aðra fræðslu.

Kostnaðarmat: Áætlaður kostnaður er um 10 - 15 milljónir króna á ári.





Tillaga 7: Lokun leikskóla einn dag í vetrarleyfi í febrúar 2027

Lagt er til að leikskólum Reykjavíkurborgar verði lokað í einn dag í vetrarleyfi í febrúar 2027. Mánudaginn 22. febrúar 2027 verði þá lokað í öllum leikskólum Reykjavíkurborgar. Aðgerðin miðar að því að samræma skipulag og skóladagatöl í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Kostnaðarmat: Án kostnaðar.

Samantekt á kostnaði

Tillaga	Lýsing á tillögu	Í þús.kr.
1	Fyrirsjáanleiki í skráningu dvalartíma	0
2	Breytt gjaldskrá sem miðast við skipulag leikskóladags	162.000
3	Innritun systkina	0
4	Umsjónamenn leikskólahúsnæðis	30.000
5	Íslenskukennsla í leikskólum	50.000
6	Starfsþjálfun ófaglærðs starfsfólks - blíð byrjun	15.000
7	Lokun leikskóla einn dag í vetrarleyfi	0
	Samtals	257.000
	Áætlaðar tekjur vegna skráningadaga	115.000
	Nettó kostnaður	142.000

Ofangreindur kostnaður rúmast ekki innan ramma skóla- og frístundasviðs.

Innleiðing og gildistími

Í kjölfar samþykktar verði skóla- og frístundasviði falið að gera breytingar sem þarf á kerfum til að innleiða tillögurnar. Stýrihópurinn leggur áherslu á að breytingarnar taki gildi eins fljótt og kostur er og stefnt verði að því að innleiða þær 1. apríl 2026.

Greinargerð með tillögunum

Forsaga

Borgarráð samþykkti á fundi 22. maí 2025 tillögu borgarstjóra um að skipa stýrihóp um reglur um leikskólastarf og umbætur í náms- og starfsumhverfi leikskóla. Verkefni hópsins samkvæmt erindisbréfi var að „rýna inntöku barna með jafnræði og jöfnuð að leiðarljósi og hagræði fyrir barnafjölskyldur. Einnig skyldi hópurinn skoða leiðir til að bæta mönnun og starfsaðstæður starfsfólks með það fyrir augum að draga verulega úr þörf fyrir faliðunaraðgerðir í leikskólum borgarinnar og auka þar með fyrirsjáanleika í lífi barnafjölskyldna.“

Þann 2. október 2025 voru lögð fram á fundi borgarráðs áfangaskil stýrihópsins um leikskólaleiðina um bættar náms- og starfsaðstæður í leikskólum Reykjavíkurborgar, dagsettar 30. september 2025, sjá fylgiskjal 1.



Reykjavík



Í þessum fyrsta áfanga lagði stýrihópurinn fram tvær megin tillögur í drögum sem hann óskaði eftir að yrði vísað til skóla- og frístundaráðs og færi þaðan í víðtækt samráðsferli. Tillögurnar vörðuðu skráningu á dvalartíma barna, breytt skipulag leikskólans og nýja gjaldskrá sem miðaðist við þetta breytta skipulag. Borgarráð samþykkti á fundinum að vísa tillögunum til skóla- og frístundaráðs.

Á fundi skóla- og frístundaráðs 6. október 2025 voru tillögur stýrihópsins um leikskólaleiðina í Reykjavíkurborg lagðar fram. Samþykkt var að óska eftir umsögnum um drög að tillögum um umbætur í náms- og starfsumhverfi leikskóla í gegnum samráðsgátt Reykjavíkurborgar sem yrði opin 15. – 29. október 2025. Jafnframt var samþykkt að senda bréf á foreldraráð og foreldrafélög leikskóla Reykjavíkurborgar, leikskólastjóra og starfsfólk leikskóla Reykjavíkurborgar, stéttarfélög sem við átti og skóla sem bjóða nám tengt leikskólum, með hvatningu um að senda inn umsagnir.

Samráð við hagsmunaaðila

Skóla- og frístundasviði var falið að halda utan um víðtækt samráð með áherslu á að kalla fram sjónarmið hagsmunaaðila; sjónarmið foreldra leikskólabarna, starfsfólks í leikskólum, forsvarsfólks stéttarfélaga, fræðasamfélagsins og allra þeirra sem láta sig málefni leikskólans varða.

Bréf um tillögurnar voru sendar til leikskólastjóra, fulltrúa í foreldraráðum, fulltrúa í foreldrafélögum, foreldra leikskólabarna, stéttarfélaga starfsfólks í leikskólum, annarra stéttarfélaga og hagaðila s.s. mennta- og barnamálaráðuneytisins og félagasamtaka. Í bréfinu kom fram að tillögurnar færu til umsagnar í samráðsgátt og hagaðilar voru hvattir til að senda inn umsögn. Samráðsgátt var opin í 2 vikur, 15. október – 29. október 2025 og í kjölfarið var unnið úr umsögnum.

Kynningarfundir voru haldnir með hagaðilum í byrjun október og samráðsgátt var opnuð í kjölfarið. Fundað var með leikskólastjórum 26. september sem síðan kynntu tillögurnar fyrir starfsfólki í sínum leikskólum. Kynnt var fyrir foreldraráðum leikskóla, fundirnir voru sex talsins og fóru fram 7. - 14. október. Kynning var fyrir stjórnendum í sjálfstætt starfandi leikskólum í Reykjavík 13. október.

Alls bárust 185 ábendingar og umsagnir í samráðsgátt frá hagaðilum, m.a. frá starfsfólki og stjórnendum leikskóla, stéttarfélögum, foreldrum og foreldraráðum, Háskóla Íslands, félagasamtökum og öðrum. Ábendingar og umsagnir voru flokkaðar í jákvæðar og neikvæðar umsagnir og eftir hagsmunahópum. Niðurstöður úr samráðsgátt voru teknar saman á skrifstofu skóla- og frístundasviðs og sendar á stýrihóp þann 3. nóvember 2025.

Í fylgiskjali 2 er að finna ítarlegri upplýsingar um samráð við hagsmunaaðila og í [Samráðsgáttinni](#) er að finna þær umsagnir sem bárust vegna málsins.

Nánar um uppfærðar tillögur stýrihóps

Stýrihópurinn hefur unnið úr innsendum umsögnum og í kjölfarið unnið uppfærðar tillögur. Markmið tillagnanna er að standa vörð um faglegt leikskólastarf og tryggja



stöðugleika fyrir foreldra/forsjáraðila, börn og starfsfólk. Þau snúa meðal annars að skipulagi leikskóladagsins, dvalartíma barna og gjaldskrá leikskóla. Leikskólaleið Reykjavíkurborgar felur í sér að leita samfélagslegrar sáttar um skipulag leikskólastarfs, auka fyrirsjáanleika fyrir leikskólasamfélagið, bæta starfs- og námsaðstæður með það að markmiði að auðvelda mönnun og léttu álag.

Greinargerð með tillögu 1:

Fyrirsjáanleiki í skráningu dvalartíma barna og í skipulagi leikskólans.

Opnunartími leikskólans helst óbreyttur og áfram verður hámarksdvalartími barna 42,5 stundir. Unnið verður með skipulag leikskóladagsins þannig að áherslur skólanámskrár fari fram innan þeirra 36 stunda þar sem leikskólinn er endurgjaldslaus og bæti þannig starfs- og námsaðstæður og dragi úr álagi á bæði börn og starfsfólki.

Gjald verður tekið fyrir hvern skráningardag og verður það 5.000 krónur. Sjá nánari skýringu á skráningardögum neðar. Tvisvar á ári verður tekið við umsóknum um vistun á skráningardögum. Skráning fer fram 10. til 20. september fyrir haustönn og 10. til 20. janúar fyrir vorönn. Breytingunum er ætlað að skapa stjórnendum yfirsýn, auka fyrirsjáanleika fyrir bæði fjölskyldur og starfsfólk og bæta mönnun. Með breytingunum eru væntingar um að ófyrirséðum faliðunaraðgerðum, vegna öryggissjónarmiða, fækki til muna og að leikskólar þurfi ekki að loka eða biðja foreldra um að sækja börn sín.

Foreldrar sem hafa kost á eru hvattir til að stytta vistunartíma barna sinna frá klukkan 14:30 á föstudögum. Með því að stytta föstudaga fæst meiri fyrirsjáanleiki í skipulagi leikskólans og vinnutíma starfsfólks.

Dvalarsamningar

Leikskólar verða áfram opnir frá klukkan 7:30 – 16:30. Í upphafi leikskóladvalar eru gerðir dvalarsamningar fyrir leikskólabörn eftir því hversu langan dvalartíma þau þurfa á viku. Vistunartími barna hefst á bilinu klukkan 7:30 – 9:00. Foreldrar geta áfram skráð mislanga viðveru á daga innan vikunnar. Óskir um breytingar á dvalarsamningi skulu gerðar með mánaðar fyrirvara.

Skipulag leikskólastarfs

Allar náms- og leikstundir barna í leikskólanum eru gæðastundir sem sniðnar eru að aldri þeirra og þroska, menningu og aðstæðum í hverjum leikskóla fyrir sig. Hins vegar skal leikskólinn leitast við að skipuleggja helstu þætti skólanámskrár með fyrirsjáanlegum hætti innan tilgreindra fimm til sex stunda á dag.

Gjaldfrjáls leikskóli í 36 stundir miðar að því að fagstarfið rúmist innan þess tíma. Eins og aðalnámskrá leikskóla kveður á um vinnur hver leikskóli skriflega og aðgengilega skólanámskrá þar sem menntastefna Reykjavíkurborgar, hugmyndafræðileg nálgun og gildi leikskólans koma fram. Á grunni skólanámskrár vinnur hver leikskóli starfsáætlun sem tekur gildi í upphafi skólaárs. Mikilvægt er að kynna hana vel í leikskólasamfélaginu þegar starfsárið hefst.





Skráningardagar

Eins og áður gefst foreldrum tækifæri til að skrá börn sín í leikskóla á skráningar-dögum. Skráningardagar eru breytilegir eftir árum og eru á bilinu 9-11 dagar á ári.

Skólaárið 2026 – 2027 verða skráningardagar eftirfarandi daga:

- Alla daga milli jóla og nýárs.
- Þrjá daga í dymbilviku í aðdraganda páska.
- Fjóra daga í vetrarleyfum grunnskóla, þrír dagar á haustönn og einn á vorönn.

Gjald er innheimt fyrir hvern skráningardag sem nýttur er og verður það 5.000 krónur. Foreldrar hafa val um að skrá vistun á skráningardögum tvisvar á ári. Skráning fer fram á 10. til 20. september fyrir haustönn og 10. til 20. janúar fyrir vorönn. Fyrir haustönn er hægt að skrá vetrarfrí í október og milli jóla og nýárs. Fyrir vorönn er hægt að skrá vetrarfrí í febrúar og dymbilviku fyrir páska. Gert er ráð fyrir að mannaflapörf verði minni á skráningardögum.

Greinargerð með tillögu 2:

Breytt gjaldskrá sem miðast við breytt skipulag leikskóladagsins.

Ný gjaldskrá miðast við gjaldfrjálsan leikskóla fyrir 36 stundir á viku. Miðað er við heildardvalartíma á viku. Allir núverandi afsláttarflokkar víkja fyrir nýjum afsláttarflokkum. Starfsmannaafsláttur verður 50% af námsgjaldi og systkinaafsláttur verður óbreyttur. Tekið verður tillit til tekna foreldra undir ákveðnum tekjumörkum samkvæmt sérstöku afsláttarkerfi. Ekki er tekið námsgjald fyrir allt að 36 stundir. Fyrir hvern hálf tíma umfram 36 stundir er tekið gjald og hækkar það fyrir hvern hálf tíma. Fæðisgjald verður óbreytt og er sama fyrir alla.

Tillaga að nýrri gjaldskrá

Leikskólagjöld skiptast í námsgjald og fæðisgjald. Ekkert námsgjald verður innheimt fyrir 36 stundir á viku en alltaf er greitt fæðisgjald. Með því er leitast við að búa til hvata fyrir foreldra barna að skrá raundvalartíma barna sinna í leikskólanum. Námsgjald er þá greitt fyrir hvern hálf tíma eftir 36 stundir.

Þannig er greitt 1.750 króna námsgjald fyrir hvern hálf tíma frá 36 að 38 tímum á viku. Gjaldið hækkar í 2.750 krónur á hálf tíma frá 38 til 40 stunda og hæst fer það í 4.000 krónur á hálf tíma ef vistun er frá 40 - 42,5 tímum á viku. Fæðisgjald helst óbreytt fyrir morgunmat, síðdegishressingu og hádegismat. Ef dvalarstundir á viku eru undir 35 stundum fellur gjald fyrir síðdegishressingu út.

Afsláttarflokkar, systkina- og starfsmannaafslættir

Auknir afslættir sem taka mið af raunverulegum aðstæðum heimilanna verða teknir upp í nýrri gjaldskrá sem ætlað er að verja efnaminni foreldra, foreldra með lítið bakland, einstaka og einstæða foreldra og fjölskyldur barna sem eru í viðkvæmri stöðu.



Reykjavík



Tekjuviðmið einstaklinga og sambúðarfólks munu miðast við heildartekjur á ári á grundvelli skattframtals frá Ríkisskattstjóra.

Tekjuviðmið einstæðra foreldra

Afslættir og tekjuviðmið fyrir einstæða foreldra miðast við heildartekjur á ári. Allir einstæðir foreldrar geta sótt um afslátt sem fer eftir ákveðnum viðmiðum um tekjur. Afsláttur af námsgjaldi fyrir einstæða foreldra er frá 40% til 75%.

- Lægsta tekjuviðmið miðar við árstekjur undir 8 milljónum krónum á ári og veitir 75% afslátt af námsgjöldum.
- Næstlægsta tekjuviðmið miðar við árstekjur á bilinu 8 – 13 milljónir krónur á ári og veitir 50% afslátt af námsgjöldum.
- Hæsta tekjuviðmiðið gildir fyrir einstæða foreldra með tekjur yfir 13 milljónir krónur á ári sem veitir 40% afslátt af námsgjöldum.

Tekjuviðmið hjóna og sambúðarfólks

Afslættir og tekjuviðmið fyrir hjón og sambúðarfólk miða við tekjur undir 18 milljónir krónur á ári og afslættir á bilinu 20 til 40% af námsgjaldi.

- Lægra tekjuviðmið miðar við árstekjur undir 11 milljónum krónum á ári og veitir 40% afslátt af námsgjöldum
- Hærra tekjuviðmið miðar við árstekjur frá 11 – 18 milljónum krónur og veitir 20% afslátt af námsgjaldi.

Starfsmannaafsláttur

Afsláttur fyrir starfsfólk leikskóla Reykjavíkur er 50% af námsgjaldi.

Systkinaafsláttur

Systkinaafsláttur helst óbreyttur eða 100% afsláttur af námsgjaldi fyrir eldra barn fyrir sama fjölda dvalarstunda og yngra barn. Veittur er 100% afsláttur af fæðisgjaldi fyrir fleiri en tvö börn. Afslátturinn gildir þvert á þjónustu leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila.

Lagt er til að afsláttur af skráningardögum fyrir systkini verði 50% fyrir yngra systkini og 100% fyrir þriðja barn.

Við ákvörðun á afslætti gildir ætíð hæsti afsláttur og leggjast afslættir ekki saman. Þannig gæti til dæmis starfsmaður í leikskóla með tekjur lægri en 8 milljónir krónur á ári fengið hærri afslátt vegna tekjutengingar en vegna þess að hann er starfsmaður.

Dæmi um áhrif breytinga á gjaldskrá

Reiknivél fyrir tillögu um breytta gjaldskrá leikskóla er aðgengileg á vefsíðu Reykjavíkurborgar hér: [Tillögur að gjaldskrá – reiknivél | Reykjavík](#)

Greinargerð með tillögu 3:

Innritun systkina á sama leikskóla í stóru innrituninni



Reykjavík



Við innritun barna sem fer fram að vori fyrir dvöl að hausti (stóru innritun) er lögð áhersla á að sameina systkini í sama leikskóla.

Systkinasameining miðast við innritunaráldur hverju sinni sem samkvæmt núgildandi reglum um leikskólaþjónustu er 18 mánaða. Skilyrðin sem þarf að uppfylla til að hægt sé að skoða möguleikann á að sameina systkini er að:

- a) Barnið sé með leikskóla systkinis í fyrsta vali.
- b) Eldra systkinið sé ekki að fara í grunnskóla um haustið.
- c) Eldra systkinið sé nú þegar með virka vistun í leikskólanum sem um ræðir.
- d) Eldra systkinið eigi eftir að vera í leikskólanum í sex mánuði að lágmarki eða sé ekki að flytja í annan leikskóla.
- e) Barnið sé á innritunaráldri hverju sinni.
- f) Systkini eru skilgreind sem börn sem hafa sama fjölskyldunúmer í þjóðskrá.

Eftir að stóru innritun er lokið (tekur 30 virka daga) verður unnið með nýjar umsóknir vegna systkina út frá fyrra verklagi sem miðar við systkinatillit.

Systkinasameining getur aldrei veitt yngra systkini forgang umfram eldra barn, sem á rétt á leikskólaþlássi, en eldra barnið getur orðið að taka 2. eða 3. vali á leikskóla.

Systkinasameining á tiltekinn leikskóla og systkinatillit ná ekki til systkina sem eru að flytja til Reykjavíkur og sækja um vistun fyrir stóru úthlutun. Þar sem eldra systkinið er þá ekki með virka vistun í Reykjavík.

Greinargerð með tillögu 4:

Umsjónarmaður leikskólahúsnæðis

Tillagan gengur út á að ráða, í fyrsta áfanga, tvo umsjónarmenn leikskólahúsnæðis. Þeir koma til með að starfa með fasteignateymi á fjármáladeild skóla- og frístundasviðs og verða staðsettir í Borgartúni. Hver umsjónarmaður hefur yfirumsjón með um 35 leikskólum sem eru heimsóttir reglulega. Hlutverk umsjónarmanna leikskólahúsnæðis verði meðal annars að hafa yfirumsjón með húsnæði leikskóla og sjá um minniháttar viðhald og viðvik sem falla undir þeirra verksvið. Þeir mynda samt sem áður teymi ef verkefnin eru þess eðlis að þau verði ekki leyst af einum starfsmanni. Einnig verður skipulag starfsins með þeim hætti að þeir leysi hvern annan af í orlofum svo ekki verði rof í þjónustu við starfsstaði. Miðað er við að þeir taki meginhluta orlofs þegar leikskólar eru lokaðir.

Verkefni umsjónarmanna verða meðal annars:

- Að meta ástand húsnæðis með tilliti til viðhalds og koma ábendingu á fasteignastjóra.
- Að vera í samskiptum við verktaka í samvinnu við fasteignastjóra varðandi viðhald og framkvæmdir.
- Að meta þrif í leikskólum og þörf á alþrifum sem gætu komið í veg fyrir innivistarvanda.
- Að leiðbeina varðandi loftun og mótvægisáðgerðir gegn slæmri innivist.
- Að sinna minniháttar viðvikum svo sem veggfesta húsgögn, skipta um ljósaperur, tryggja að niðurföll séu opin, vatnslásar hreinsaðir og annað sem ekki þarfnast þess að þjónustuverktaki geri eða sé falið löggiltum iðngreinum.





- Að leiðbeina og aðstoða leikskólastjóra varðandi viðhaldsframkvæmdir og stækkanir. Samanber flutninga í tímabundið húsnæði og aðstoð við standsetningu eftir flutninga.
- Umsjón með geymslum skóla- og frístundasviðs og minni flutningum á tækjum og búnaði á starfstaði.
- Séu byggingateymi/fasteignateymi skóla- og frístundasviðs innan handar í verkefnum.

Greinargerð með tillögu 5:

Íslenskukennsla fyrir starfsfólk í leikskólum

Markmið tillögunnar er að bæta tungumálakunnáttu starfsfólks sem ekki hefur íslensku að móðurmáli. Fjölbreyttar aðgerðir liggja til grundvallar og miða að því að bæta íslenskt málumhverfi barna á leikskólaaldri.

Aðgerðirnar eru í fjórum liðum:

Aðgerð 1:

Markmið: Að koma til móts við aukinn launakostnað leikskóla vegna afleysinga þegar starfsfólk er í íslenskunámi á vinnutíma.

Kostnaðarmat: Sé miðað við að hver starfsmaður sé í tíu vikur (30 klukkustundir) á íslenskunámskeiði á hverri önn, má áætla að árlegur kostnaður við afleysingar sé 25 milljónir krónur, miðað við 100 starfsmenn. Reikna má með að aukning verði í fjölda námskeiða og þátttöku ef þetta verklag verður tekið upp og kostnaðurinn mun þá aukast í réttu hlutfalli. Ef vel tekst til gæti fjöldi þátttakenda farið upp í 200 (44% af öllum með erlent ríkisfang sem starfa í leikskólum) þá yrði kostnaður 50 milljón krónur á ári.

Aðgerð 2:

Markmið: Að búa til hvata fyrir starfsfólk sem er með ófullnægjandi íslenskukunnáttu, samkvæmt þeim kröfum sem gerðar eru fyrir starfið (samkvæmt evrópska tungumálarámanum) til að bæta sig í íslensku.

Kostnaðarmat:

Ekki beinn kostnaður, nema við umsýslu og eftirfylgni.

Aðgerð 3:

Markmið: Að tryggja að samsetning starfsfólks á hverri leikskóladeild sé þannig að íslenskt málumhverfi sé gott fyrir börnin. Unnið verður mat á stöðu starfsfólks út frá stöðluðu prófi skv. evrópska tungumálarámanum.

Kostnaðarmat:

Kostnaður við umsýslu og próftökugjöld. Erfitt er að áætla kostnað áður en vitað er hvort slík gjöld verða tekin upp og hver upphæð þeirra verður.

Aðgerð 4:

Markmið: Að fjölga starfsfólki með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn og sem er með háskólagráðu á sviði menntunar- eða uppeldisfræða og uppfylla skilyrði um



Reykjavík



Íslenskukunnáttu kennara (C1 samkvæmt evrópska tungumálarammanum) og samkvæmt. reglugerð nr. 1355/2022 um hæfniramma með viðmiðum fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla. Með því að uppfylla þessi skilyrði aukast líkurnar á að einstaklingurinn sækji sér kennsluréttindi og leyfisbréf.

Kostnaðarmat:

Kostnaður verður sá sem myndast við það svigrúm sem veitt er til íslenskunáms samhliða starfi. Erfitt að áætla kostnað áður en fjöldinn er þekktur.

Greinargerð með tillögu 6:

Starfsþjálfun ófaglærðs starfsfólks - Blið byrjun

Við ráðningu nýrra starfsmanna í leikskólum verður heimilt að starfsmenn vinni í tvo daga áður en þeim er falin formleg ábyrgð á tilteknum fjölda barna. Reglan gildir um starfsfólk sem er ófaglært og/eða með enga reynslu af leikskólastarfi. Markmiðið er að starfsfólkið hafi tíma til að taka námskeið í nýliðabjálfun, eiga samtöl við stjórnendur og deildarstjóra þar sem farið er yfir starfshætti, verkferla og áherslur leikskólans í samskiptum og faglegu starfi. Mikilvægt er að starfsmaður fái fræðslu og samtal svo hann verði betur í stakk búinn að takast á við starfið og þá ábyrgð sem felst í að starfa með börnum í leikskólum. Starfsþjálfunin á að auðvelda starfsfólki að komast inn í flókið starfsumhverfi leikskólans með það í huga að starfsfólk verði öruggara og ánægðara í starfi. Stjórnendur munu þá eiga auðveldara með að sinna móttöku nýliða út frá móttökuáætlun skólans.

Greinargerð með tillögu 7: Lokun leikskóla einn dag í vetrarleyfi í febrúar 2027

Vetrarleyfi í grunnskólum Reykjavíkur nær yfir fimm daga á skólaárinu. Í október eru þrír dagar í vetrarleyfi og í febrúar tveir dagar. Í leikskólum eru sérstakir skráningar-dagar í vetrarleyfum. Lagt er til að leikskólum Reykjavíkurborgar verði lokað einn dag í vetrarleyfi 2027, mánudaginn 22. febrúar. Aðgerðin miðar að því að samræma skipulag og skóladagatöl í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar. Aðgerðin er fyrsta skrefið í að samræma frídaga í leik- og grunnskólum. Áhrifin verða metin á tímabilinu með tilliti til hvort hægt sé að fjölga dögum frekar á komandi árum.

Jafnréttismat

Í ljósi kynjaðs vinnumarkaðar og ólíkra aðstæðna foreldra er mikilvægt að kanna hvort tillögurnar geti haft ólík áhrif eftir kyni, efnahag og fjölskyldugerð. Jafnréttismat var unnið á uppfærðum tillögum stýrihópsins um umbætur í náms- og starfsumhverfi leikskóla.

Jafnréttismatið byggir á fyrirliggjandi gögnum um stöðu kynjanna á íslenskum vinnumarkaði, kynjaskiptingu í heimilis- og umönnunarstörfum og starfsaðstæðum leikskólastarfsfólks.

Heildarmat jafnréttismatsins er að tillögurnar geti stutt við jafnrétti ef þær leiða til raunverulegrar styttingar á meðaldvalartíma barna og bættra starfsaðstæðna, án þess að auka óformlega umönnunarbyrði á fjölskyldur. Í ljósi þess að gjaldskrárbreytingarnar fela ekki í sér verulega kostnaðaraukningu fyrir foreldra heldur fremur hvata til breyttrar nýtingar, verður ekki talið að þær hafi í sjálfu sér verulega neikvæð áhrif á jafnrétti.

Nánari upplýsingar um jafnréttismat er að finna í fylgiskjali 3.



Reykjavík



Mat á áhrifum breytinga

Skrifstofa skóla- og frístundasviðs metur áhrif aðgerða á starfsumhverfi leikskóla reglulega frá gildistöku og leggur fram stöðumat í skóla- og frístundaráði á vormánuðum 2027.

Til grundvallar matinu verða eftirfarandi þættir skoðaðir:

- Fylgst með fjölda keyptra vistunartíma og nýtingu vistunartíma frá 1. apríl 2026.
- Fylgst verður sérstaklega með breytingum á keyptum vistunartíma og nýtingu vistunartíma eftir klukkan 14:30 á föstudögum frá 1. apríl.
- Viðhorf og upplifun foreldra af breytingunum (nóvember 2026).
- Viðhorf og upplifun starfsfólks af breytingunum (nóvember 2026).
- Samanburður á tíðni faliðunar og lokunardaga í leikskólum fyrir og eftir breytingu, reglulega frá 1. apríl 2026.
- Samanburður á stöðu ráðninga, veikindahlutfalls og starfsmannaveltu í leikskólum fyrir og eftir breytingarnar (þrisvar sinnum á tímabilinu).
- Greining á hverjir sækja börnin fyrir og eftir breytingu (nóvember 2026).

Þá leggur stýrihópurinn áherslu á að innleiða einnig eftirfarandi mótvægisáðgerðir vegna jafnréttismatsins:

- Tryggja að samskipti frá leikskólum (tölvupóstur, símtöl, skilaboð í kerfum) berist báðum/öllum foreldrum jafnt, en t.d. ekki sjálfkrafa eingöngu móður, og einnig á að taka tillit til fjölbreytileika samfélagsins í heild sinni.
- Hvetja starfsfólk til að beina upplýsingum og samtölum jafnt til beggja/allra foreldra og sérstaklega þegar rætt er um dvalartíma og skipulag síðdegis.
- Upplýsa foreldra hver er skráður sem tengiliður og auðvelda breytingar á því.
- Setja fram skýra stefnu um að í starfi leikskóla sé stuðlað að jafnri þátttöku foreldra barna í daglegum samskiptum.

Fjárhagsleg áhrif

Fjárveiting hverju sinni byggir á forsendum um útfærslu á skilgreindri þjónustu og umfangi starfseminnar á hverjum tíma. Úthlutunarlíkönun verður breytt í samræmi við þetta og niðurstaða fjárheimilda afleidd af því.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1. Umbætur í náms og starfsumhverfi leikskóla

Fylgiskjal 2. Samantekt umsagna úr samráðsgátt

Fylgiskjal 3. Jafnréttismat.

Fylgiskjal 4. Erindisbréf stýrihópsins.



Reykjavík

Jafnréttismat á umbótum á náms- og starfsumhverfi leikskóla

1. Inngangur

Borgarráð samþykkti í október 2025 að setja tillögur að umbótum á náms- og starfsumhverfi leikskóla í samráðsferli. Tillögurnar snúa að dvalartíma barna, breyttu skipulagi leikskólastarfs og nýrri gjaldskrá. Breytingunum sem lagðar voru til er ætlað að bæta starfsumhverfi leikskóla, efla fagstarf og auka fyrirsjáanleika í starfseminni.

Samráðsgáttin var opin í tvær vikur frá 15.-29. október 2025 og alls bárust 194 umsagnir. Umsagnir voru frá einstaklingum, stéttarfélögum, foreldrafélögum og öðrum hagsmunaaðilum. Helstu athugasemdir sem bárust í samráðsgáttinni snúa að auknum kostnaði, ósveigjanleika, auknu álagi á foreldra, aukin neikvæð áhrif á einstæða foreldra og viðkvæma hópa. Þrátt fyrir gagnrýni á útfærslu og áhyggjur af auknum kostnaði og álagi fyrir foreldra bárust einnig jákvæðar raddir sem fagna því að verið sé að taka á vanda leikskóla, auka fyrirsjáanleika og hvetja til styttri dvalartíma barna.

Brugðist var við athugasemdum sem bárust í samráðsgátt með breyttum tillögum sem nú liggja fyrir. Breytingunum er ætlað að samræma betur dvalartíma barna og vinnutíma starfsfólks. Styttri dvalartími er talinn draga úr álagi og hafa jákvæð áhrif á börn og starfsfólk.

Breytingar á leikskólapjónustu geta haft víðtæk áhrif á daglegt skipulag fjölskyldna og samspil vinnu og umönnunar. Í ljósi kynjaðs vinnumarkaðs og ólíkra aðstæðna foreldra er mikilvægt að kanna hvort tillögurnar geti haft ólík áhrif eftir kyni, efnahag og fjölskyldugerð.

Meðfylgjandi er jafnréttismat á uppfærðum tillögum stýrihópsins um umbætur á náms- og starfsumhverfi leikskóla. Jafnréttismatið byggir á fyrirliggjandi gögnum um stöðu kynjanna á íslenskum vinnumarkaði, kynjaskiptingu í heimilis- og umönnunarstörfum og starfsaðstæðum leikskólastarfsfólks. Þá voru sérstaklega skoðaðar niðurstöður úr jafnréttismati Reykjavíkurborgar á breytingu á opnunartíma leikskóla árið 2020 auk rannsókna á innleiðingu svipaðra breytinga á leikskólastarfi í Kópavogi. Er það gert til þess að tengja greininguna við niðurstöður um upplifanir fólks. Markmið jafnréttismats er að greina hvernig tillögur geta haft áhrif á jafnrétti kynjanna og stöðu ólíkra hópa á sviði leikskólastarfs og hvað ber að hafa í huga til að stuðla að réttlátum niðurstöðum.

2. Tillögur í kjölfar samráðsferlis

Nýju tillögurnar fela í sér breytta gjaldskrá leikskóla sem byggir á að námsgjald fyrir allt að 36 stundir á viku verði gjaldfrjálst. Foreldrar greiða því einungis fæðisgjald að upphæð 15.290 kr. á mánuði fyrir vistun allt að 36 stundum. Við 38 stunda vistun bætist við 6.000 kr. á mánuði. Gjald hækkar síðan stigvaxandi eftir 40 stunda vistun og er hæst við 42–42,5 stundir á viku. Gjaldskráin er tekjutengd og tekur jafnframt mið af því hvort foreldrar séu í sambúð eða einstæðir. Hjá sambúðarfólki er miðað við samanlagðar árstekjur heimilis. Þrjú tekjuprep eru skilgreind: undir 11 m.kr., á bilinu 11–18 m.kr. og yfir 18 m.kr. Hjá einstæðum foreldrum eru einnig skilgreind þrjú tekjuprep: undir 8 m.kr., á bilinu 8–13 m.kr. og yfir 13 m.kr.

Tafla 1: Ný gjaldskrá einstæðir

Vistun (klst/viku)	Árstekjur	Gjald (kr.)	% breyting
36	–	15.290	–35%
38	< 8 m.kr.	17.040	–27%
38	8–13 m.kr.	18.790	–20%
38	> 13 m.kr.	19.490	–17%
40	< 8 m.kr.	19.790	–17%
40	8–13 m.kr.	24.290	+2%
40	> 13 m.kr.	26.090	+10%
42	< 8 m.kr.	23.790	–5%
42	8–13 m.kr.	32.290	+30%
42	> 13 m.kr.	35.690	+43%
42,5	< 8 m.kr.	24.790	–4%
42,5	8–13 m.kr.	34.290	+33%
42,5	> 13 m.kr.	38.090	+48%

Tafla 2: Ný gjaldskrá sambúðarfólk

Vistun (klst/viku)	Árstekjur	Gjald (kr.)	% breyting
36	–	15.290	–56%
38	< 11 m.kr.	19.490	–44%
38	11–18 m.kr.	20.890	–40%
38	> 18 m.kr.	22.290	–36%
40	< 11 m.kr.	26.090	–27%
40	11–18 m.kr.	29.690	–17%
40	> 18 m.kr.	33.290	–7%
42	< 11 m.kr.	35.690	–7%
42	11–18 m.kr.	42.490	+10%
42	> 18 m.kr.	49.290	+28%
42,5	< 11 m.kr.	38.090	–6%
42,5	11–18 m.kr.	45.690	+13%
42,5	> 18 m.kr.	53.290	+32%

Af töflunum má sjá að gjaldskráin er þannig uppbyggð að veruleg lækkun verður á gjöldum við 36 stunda vistun. Minni lækkun verður við 38 og 40 stunda vistun, en við 40–42,5 stunda vistun hækkar gjald hjá ákveðnum tekjuhópum miðað við fyrra fyrirkomulag.

Fyrir foreldra í sambúð hækkar verðið einkum ef samanlagðar tekjur heimilis eru yfir 11 m.kr. og keyptur vistunartími er 42 stundir á viku eða lengri. Ef keypt er 40 tíma vistun lækkar verðið frá fyrra fyrirkomulagi, en ekki í sama mæli og ef vistun er 36 stundir.

Hjá einstæðum foreldrum byrjar gjaldið að hækka miðað við fyrra fyrirkomulag við 40 stunda vistun, og þá aðeins í tveimur hæstu tekjuhópunum. Við 42 og 42,5 stunda vistun lækkar verðið hjá þeim sem eru með tekjur undir 8 m.kr., en hækkar hjá þeim sem eru yfir því tekjumarki.

Meðal keyptur dvalartími barna í leikskólum Reykjavíkurborgar er í dag um 40 klukkustundir á viku, á meðan meðal nýttur dvalartími er um 38 klukkustundir. Gjaldskráin er því uppbyggð með það að markmiði að foreldrar greiði í meira mæli fyrir þann tíma sem raunverulega er nýttur og að hvati skapist til styttri vistunar.

Eins og áður gefst foreldrum kostur á að skrá börn sín í leikskóla á svokölluðum skráningardögum: alla daga milli jóla og nýárs, þrjá daga í dymbilvikum fyrir páska og alla daga í vetrarleyfum grunnskóla (þrjá á haustönn og tvo á vorönn). Sérstakt gjald, 5.000 kr., er innheimt fyrir hvern skráningardag sem nýttur er. Skráning fer fram tvisvar á ári, fyrir haustönn og vorönn.

Að lokum er lagt til að innleiddur verði systkinaforfangur, þannig að leitast verði við að systkini geti verið á sama leikskóla ef foreldrar óska þess. Núverandi systkinaafsláttur helst óbreyttur: 100% afsláttur af námsgjaldi fyrir eldra barn fyrir sama fjölda dvalarstunda og yngra barn, auk 100% afsláttar af fæðisgjaldi fyrir fleiri en tvö börn. Afslátturinn gildir þvert á leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili.

Af uppbyggingu gjaldskrárinnar má jafnframt sjá að markmiðið er að skapa fjárhagslegan hvata til styttri vistunar, án þess að foreldrar sem af ólíkum ástæðum geta ekki stytt vistun standi frammi fyrir mjög íþyngjandi gjaldtöku. Gjöld lækka verulega við 36 stunda vistun, lækka enn við 38 og 40 stundir miðað við fyrra fyrirkomulag, en hækkanir verða fyrst og fremst áberandi við lengstu vistunartímana og hjá tekjuhærri hópum.

3. Helstu niðurstöður

Greining jafnréttismatsins sýnir að breytingar á gjaldskrá og skipulagi leikskólaþjónustu snerta samspil launaðrar vinnu og umönnunar, sem enn er kynjað í íslensku samfélagi.

Ný gjaldskrá felur þó í sér verulega lækkun gjalda fyrir stóran hóp foreldra þar sem leikskóladvöl verður gjaldfrjáls við 36 stunda vistun og gjöld lækka einnig við 38 og 40 stundir miðað við fyrra fyrirkomulag. Þar sem meðal keyptur dvalartími barna er í dag um 40 stundir á viku má gera ráð fyrir að stór hluti foreldra upplifi lækkun á gjöldum samkvæmt nýrri gjaldskrá.

Hækkanir verða fyrst og fremst við lengstu vistunartímana og hjá tekjuhærri hópum. Mesta gjaldhækkun sem um ræðir er 12.362 kr. á mánuði og á hún eingöngu við um einstaklinga með yfir 13 milljónir króna í árstekjur. Í því ljósi verður ekki séð að tillögurnar feli í sér verulega aukna gjaldtöku eða almenna kostnaðaraukningu fyrir foreldra.

Á sama tíma fela tillögurnar í sér skýra fjárhagslega hvata til að stytta vistunartíma barna. Í ljósi þess að mæður bera meiri ábyrgð á daglegri umönnun barna er raunhæft að gera ráð fyrir að aðlögun að styttri vistun geti frekar fallið á konur en karla, sérstaklega hjá þeim sem hafa minna svigrúm í starfi.

Helstu niðurstöður jafnréttismatsins eru því að tillögurnar fela ekki í sér verulega neikvæð jafnréttisáhrif í gegnum gjaldtöku, en að aðlögun að breyttu skipulagi þjónustunnar geti haft kynjuð áhrif sem mikilvægt er að fylgjast með og bregðast við.


4. Greining á stöðu kynjanna

Breytingar á leikskólaþjónustu geta haft mismunandi áhrif eftir kyni og félagslegri stöðu foreldra, þar sem þær snerta beint samspil atvinnuþátttöku og umönnunar. Til að meta möguleg jafnréttisáhrif tillagnanna er nauðsynlegt að greina stöðu kynjanna á vinnumarkaði, skiptingu heimilis- og umönnunarstarfa og aðstæður þeirra hópa sem reiða sig mest á leikskólaþjónustu.


Leikskólastigið gegnir lykilhlutverki bæði sem jöfnunartæki fyrir börn og sem forsenda atvinnuþátttöku foreldra. Um leið er leikskólakerfið sjálft hluti af kynjaskiptum vinnumarkaði, þar sem starfsfólk er að langmestu leyti konur. Hér verður fjallað um stöðu kynjanna á vinnumarkaði og í umönnun, aðstæður starfsfólks leikskóla og lærdóm af fyrri breytingum á leikskólastarfi, með það að markmiði að varpa ljósi á möguleg jafnréttisáhrif tillagnanna.

4.1 Staða kynjanna á vinnumarkaði

Atvinnuþátttaka á Íslandi er með því hæsta sem þekkt meðal ríkja OECD og á 2. ársfjórðungi 2024 mældist atvinnuþátttaka meiri en nokkru sinni síðan mælingar hófust árið 2003. Hlutfall kvenna á vinnumarkaði er aðeins hærra en karla í yngsta aldurshópnum (16-24) en fer síðan lækkandi og er hlutfall karla töluvert hærra í elsta aldurshópnum (55-74). Þetta endurspeglar bæði ólík starfsferils- og fjölskyldumynstur kynja en einnig mismunandi aðgang að fullu starfshlutfalli, starfsöryggi og sveigjanleika.



Gögn Hagstofu Íslands fyrir árið 2024 sýna að mun fleiri konur en karlar eru í hlutastörfum þvert á alla aldurshópa. Í stærsta aldurshópnum eða 25–54 ára starfa 26,1% starfandi kvenna í hlutastarfi en aðeins 10,1% karla.



Skert atvinnupátttaka og hlutastarf kvenna dregur hvoru tveggja úr fjárhagslegu sjálfstæði, möguleikum á framgangi á vinnumarkaði og hefur neikvæð áhrif á lífeyrisréttindi og ævitekjur þeirra.

Nýleg rannsókn Vörðu - rannsóknarsetur vinnumarkaðarins (2024) sýnir að tæplega helmingur láglaunakvenna starfar í hlutastarfi, samanborið við um 13% hálaunakvenna, sem undirstrikar að stétt og tekjur hafa afgerandi áhrif á svigrúm til atvinnupátttöku. Konur eru ekki einsleitir hópur og staða þeirra á vinnumarkaði, fjárhagur og aðgengi að sterku baklandi eru mjög misjöfn eftir menntun, tekjum og bakgrunni. Konur í láglaunastörfum, einstæðar mæður og konur af erlendum uppruna eru í viðkvæmari stöðu, með minna svigrúm til að aðlaga vinnutíma og meiri hættu á efnislegum skorti. Breytingar sem draga úr aðgengi að leikskólaþjónustu, eða auka kostnað vegna hennar, geta því haft ójöfn áhrif og bitnað helst á þessum hópum.

Óleiðréttur launamunur kynjanna mældist enn yfir 10% árið 2024. Einnig sýnir nýleg rannsókn að tekjumissir kvenna við barneignir á Íslandi er á bilinu 30-40% á meðan tekjur karla hækka örflítið eða standa í stað (Una Margrét Lyngdal, 2025). Það tekur þennan tekjumissi kvenna talsverðan tíma að ganga til baka og svo virðist sem aðgengi að dagvistun sé lykilatriði þegar kemur að því að draga úr þessum áhrifum. Það er því hættu á að breytingar á leikskólaþjónustu leggist þyngst á konur sem standa þegar höllum fæti þegar kemur að ráðstöfunartekjum og fjárhagslegu öryggi.

4.2 Ólík umönnunarbyrði


Mæður sinna í frekari mæli heimilis- og umönnunar störfum á Íslandi heldur en feður. Í lífshagráðunarsókn Hagstofunnar (2021) kom í ljós að fólk með börn á heimilinu ver meiri tíma við umönnun og heimils störf en fólk án barna og konur umtalsvert meira en karla. Þá sögðust konur í sambúð með börn verja að meðaltali 34,7 tímum á viku í heimilisstörf og umönnun samanborið við 26,3 tíma hjá körlum í sambúð með börn (Hagstofa Íslands, 2021).

Þá hafa rannsóknir sýnt fram á að umönnun barna hefur áhrif á svigrúm mæðra til atvinnupátttöku en ekki feðra (Ásdís Arnalds o.fl., 2021; Una Margrét Lyngdal 2025). Ef

dregið er úr opinberri umönnunarþjónustu, hvort sem það er með skertum opnunartíma, auknum skilyrðum eða breyttu greiðslufyrirkomulagi, er hætt á að byrðin færist í auknum mæli yfir á konur. Í samhengi leikskólaþjónustu felur þetta í sér að breytingar á opnunartíma, gjaldskrá eða aðgengi geta haft kynjuð áhrif á foreldra, þar sem aðlögun fellur frekar á mæður en feður.

Konur með háskólamenntun eða hátekjur bera að jafnaði minni umönnunarbyrði en konur í láglaunastörfum (Berglind Hólm Ragnarsdóttir, o.fl. 2024), sem undirstrikar að félagsleg staða og efnahagur hafa áhrif á hæfni fólks til að bregðast við breytingum í þjónustu, sérstaklega kvenna í láglaunastörfum og með takmarkaðan sveigjanleika í starfi.

Í eina viku í lok nóvember 2025 var upplýsingum safnað um það hver kom með og sótti börn í 20 leikskóla Reykjavíkurborgar. Leikskólarnir voru valdir út frá staðsetningu með það í huga að fá sem besta mynd af Reykjavík í heild. Þessi gögn veita mikilvæga innsýn í hvernig dagleg umönnun barna skiptist í reynd og hverjir bera ábyrgð á aðlögun að tímasetningum leikskólastarfs.



Þótt þátttaka mæðra og feðra sé svipuð þegar kemur að því að koma með börn að morgni, eykst munurinn þegar börnin eru sótt. Mæður sækja börn í um helmingi tilvika (50,4%), á meðan feður sinna sókn í um þriðjungi tilvika (34,7%).

Ömmur, afar og aðrir sækja frekar en koma með börnin sem bendir til þess að fjölskyldur grípi frekar til baklands eða óformlegra lausna síðdegis. Niðurstöðurnar endurspeglar áframhaldandi ójafna skiptingu umönnunarbyrði milli kynja og undirstrika mikilvægi þess að meta áhrif breytinga á leikskólaþjónustu.

4.3 Starfsfólk leikskóla

Starfsfólk leikskóla Reykjavíkurborgar er að langmestu leyti konur, eða um 90%. Leikskólastigið er því hluti af verulega kynjaskiptum vinnumarkaði. Talið er að kynskiptur vinnumarkaður og kerfisbundið vanmat á hefðbundum kvennastörfum eru meginorsakir kynbundins launamun á Íslandi (Stjórnarráð Íslands, 2021). Aðstæður og kjör í leikskólastarfi hafa því bein áhrif á stöðu kvenna á vinnumarkaði og teljast jafnréttismál í sjálfu sér.

Félag leikskólakennara og Efling stéttarfélag skiluðu bæði inn umsögn um breytingartillögurnar í samráðsgáttina í Október sl. Félag leikskólakennara telur það jákvætt fyrir bæði börn og kennara og mikilvægt skref í að bæta starfsaðstæður og gæði leikskólastarfs að stytta meðaldvalartíma barna. Umsögn Eflingar stéttarfélags byggist meðal annars á niðurstöðum könnunar meðal félagsfólks sem starfar í leikskólum í Reykjavík og þótt markmið breytinganna séu jákvæð koma fram skýrar áhyggjur af því að breytingarnar nái ekki fram að ganga án samhliða aðgerða, svo sem fjölgunar starfsfólks og bættra launa- og starfskjara, annars sé hætt við að álag aukist enn frekar, sérstaklega síðdegis.

Leikskólar hafa um tíma glímt við manneklu og töluverða starfsmannaveltu. Samhliða styttingu vinnuvikunnar vinnur starfsfólk nú 36 stundir á viku. Þetta hefur áhrif á skipulag starfseminnar og mikilvægi þess að huga að dvalartíma barna og álagi yfir daginn.

4.3 Jafnréttismat á tillögum um breyttan opnunartíma leikskóla

Snemma árs 2020 var lögð fram tillaga í borgarráði um að stytta almennan opnunartíma leikskóla borgarinnar um hálfa klukkustund, úr 07:30–17:00 í 07:30–16:30. Þar sem ljóst þótti að breyting af þessu tagi gæti haft veruleg áhrif á jafnrétti kynjanna var ákveðið að framkvæma ítarlegt jafnréttismat. Hluti af matinu fólst í að send var spurningakönnun til foreldra barna í leikskólum borgarinnar sem höfðu vistun eftir klukkan 16:30. Alls fengu 1.267 einstaklingar könnunina og bárust 694 svör, eða um 55%. Spurt var um ástæður þess að fjölskyldur völdu dvalartíma eftir kl. 16:30, hve langur dvalartíminn væri og hver sæi um að fara með og sækja börn í leikskóla. Einnig var spurt hvernig breytingin hefði áhrif á viðkomandi fjölskyldur og hvernig þær myndu bregðast við ef breytingin yrði samþykkt. Að lokum voru bakgrunnsspurningar til að greina hvort breyting á opnunartíma kæmi verr niður á ákveðnum hópum foreldra en öðrum.

Um 17% leikskólabarna í Reykjavík voru með vistun eftir kl. 16:30 á þeim tíma sem matið fór fram. Börnin voru sótt eftir kl. 16:30 að meðaltali 42% daga, eða rúmlega tvisvar í viku. Þótt aðeins hluti barna væri með formlega vistun fram yfir 16:30, sýndu svör foreldra að þjónustan væri nýtt reglulega, einkum vegna takmarkaðs sveigjanleika í starfi eða lengri ferðatíma milli vinnu og leikskóla.

Samkvæmt gögnum matsins voru 23% foreldra sem nýttu vistun eftir 16:30 í hópi viðkvæmra samfélagshópa, svo sem námsmenn, einstæðra foreldra og fólk á örorku, sem njóta viðbótarafsláttar á leikskólagjöldum. Hlutfall þeirra hópa var því hærra meðal þeirra sem töldu sig þurfa lengri opnunartíma en hjá foreldrum almennt, þar sem sambærilegt hlutfall var 17%.

Greining á könnunargögnum leiddi í ljós að konur voru líklegri en karlar til að nýta þjónustuna og báru oftár ábyrgð á því að fara með og sækja börn í leikskóla. Í könnuninni

kom fram að bæði mæður og feður væru líkleg til að sækja börnin sjaldnar ef opnunartími yrði stytur, en fækkunin væri þó meiri hjá feðrum. Þetta bendir til þess að stytting opnunartíma myndi hafa í för með sér aukna ábyrgð á mæðrum þegar kæmi að daglegri aðlögun og skipulagi fjölskyldunnar.

Niðurstöður könnunarinnar sýndu jafnframt að svigrúm foreldra til aðlögunar væri mjög misjafnt. Foreldrar með lægri menntun, lægri tekjur, fólk af erlendum uppruna og þeir sem starfa í vaktavinnu voru líklegust til að glíma við erfiðleika vegna skerts þjónustustigs. Þessir hópar hafa að jafnaði minna svigrúm í starfi og lengri ferðatíma, sem eykur líkur á að stytting opnunartíma hafi í för með sér ójöfn áhrif og geti aukið bæði efnahagslegt og kynbundið misrétti.

4.4 "Kópavogsmódelið"

Kópavogsmódel er hugtak sem notað er yfir breytingar sem Kópavogsbær réðst í árið 2023 þar sem tekin var upp gjaldfrjáls þrjátíu tíma vistun á viku, en vistun umfram það fól í sér meiri kostnað en áður. Þá var aukið áhersla á sveigjanleika í dvalartíma barna og breytingar á skipulagi daga, meðal annars með skráningardögum og safnskólum. Markmiðið var að stytta meðaldvalartíma barna í leikskóla og bæta starfsaðstæður.

Rannsókn á viðhorfum foreldra til breytinganna (Sunna Símonardóttir, 2025) sýnir að mörg voru tortryggin gagnvart tilgangi þeirra og töldu þær drifnar áfram af fjárhagslegum sjónarmiðum framar hagsmunum barna og fjölskyldna. Foreldrar lýstu jafnframt neikvæðri upplifun af upplýsingagjöf og samráði, og foreldrar af erlendum uppruna töldu sig sérstaklega hafa fengið takmarkaðar upplýsingar.

Í rannsókninni kom fram að margir foreldrar upplifðu aukið álag eftir breytingarnar. Breytt fyrirkomulag kallaði á endurskipulagningu vinnu, samgangna og umönnunar, og þeir sem búa við minni sveigjanleika í starfi eða hafa takmarkað bakland mátu áhrifin mun meira íþyngjandi en aðrir. Foreldrar töldu gjaldfrjálsa sex tíma vistun óraunhæfan kost fyrir flestar fjölskyldur og bentu á að kerfið tæki ekki nægilega mið af ólíkum aðstæðum.

Rannsókn Önnu Elísu Hreiðarsdóttur og Svövu Björg Markar (2025), skoðaði sömu breytingar í bæði Kópavogi og á Akureyri út frá sjónarmiði starfsfólks og barna. Sú rannsókn leiddi í ljós að jafnvel lítil fækkun barna yfir daginn og styttri meðaldvalartími hafði jákvæð áhrif á starfsaðstæður og velferð barna. Færri börn síðdegis leiddi að mati starfsfólks til meiri ró, færri árekstra, dýpri leiks og aukinna möguleika starfsfólks til einstaklingsmiðaðrar umönnunar. Sérstaklega var bent á að þessi áhrif skiptu máli fyrir börn sem dvelja lengi í leikskóla og börn með sérþarfir.

Rannsóknin undirstrikar að breytingar á gjaldskrá og skipulagi geta haft óbein en afgerandi áhrif á gæði leikskólastarfs, ef þær leiða til raunverulegrar fækkunar barna á ákveðnum tímum dags og bættrar mönnunar. Á sama tíma sýna viðhorf foreldra að slík kerfisbreyting getur haft ójöfn áhrif eftir aðstæðum fjölskyldna og sveigjanleika þeirra til að bregðast við.

5. Niðurstöður: Mat á áhrifum tillögunnar á jafnrétti

Tillögunnar fela í sér markvissa endurskipulagningu á gjaldskrá og dvalartíma í leikskólum Reykjavíkurborgar. Gjaldskráin sem lögð er til er byggð upp þannig að veruleg lækkun verður á gjöldum við 36 stunda vistun, minni lækkun við 38 og 40 stundir, en hækkunir verða fyrst og fremst við lengstu vistunartímana og hjá tekjuhærri hópum. Um leið er markmiðið að foreldrar greiði í auknum mæli fyrir þann tíma sem raunverulega er nýttur og að hvati skapist til styttri vistunar.

Þar sem meðal keyptur dvalartími barna í leikskólum Reykjavíkurborgar er í dag um 40 stundir á viku má gera ráð fyrir að stór hluti foreldra upplifi lækkun á gjöldum samkvæmt nýrri gjaldskrá. Tillögunnar fela því ekki í sér almenna hækkun gjalda heldur breytta uppbyggingu gjaldskrár sem á að styðja við styttri meðaldvalartíma barna.

Hækkunir verða fyrst og fremst áberandi við 42–42,5 stunda vistun og hjá foreldrum sem eru yfir tekjuviðmiðum afsláttá. Mesta hækkun í krónutölum hjá einstæðum foreldrum nemur 12.362 kr. á mánuði og á hún við um einstaklinga með yfir 13 milljónir króna í árstekjur við 42,5 stunda vistun. Hjá sambúðarfólki með samanlagðar tekjur yfir 18 milljónir króna nemur hækkunin mest 12.820 kr. við 42,5 stunda vistun.

Í ljósi þess að hækkunirnar ná fyrst og fremst til tekjuhærri heimila og við lengri vistunartíma verður ekki talið að breytingarnar leiði almennt til verulega aukinnar gjalddöku eða feli í sér marktæk neikvæð áhrif á jafnrétti.

Greining á stöðu kynjanna sýnir að íslenskur vinnumarkaður er enn kynskiptur, að konur eru mun líklegri til að starfa í hlutastarfi og að mæður bera meiri ábyrgð á daglegri umönnun barna en feður. Gögn um hver kemur með og sækir börn í leikskóla sýna að munurinn er sérstaklega áberandi síðdegis, þar sem mæður sækja börn í um helmingi tilvika á móti um þriðjungi hjá feðrum. Breytingar sem hafa áhrif á lengd vistunar og skipulag síðdegis snerta því þann hluta dags þar sem umönnunarbyrðin er þegar ójöfn.

Í ljósi þessa er raunhæft að gera ráð fyrir að fjárhagslegir hvatar til styttri vistunar falli í auknum mæli á mæður fremur en feður. Áhrifin eru þó ekki einsleit milli kvenna. Konur í lágláunastörfum, konur í verkastétt, einstæðar mæður og konur af erlendum uppruna hafa almennt minna svigrúm til að breyta vinnutíma. Í tilfelli þeirra geta hvatar til styttri vistunar aukið álag, takmarkað möguleika til launaðrar vinnu eða aukið þörf á að treysta á óformlegt bakland.

Tillögunnar fela því í sér ákveðna spennu milli tveggja jafnréttissjónarmiða: annars vegar að bæta starfsaðstæður í kvennastétt og gæði leikskólastarfs með styttri meðaldvalartíma barna og hins vegar að tryggja að aðlögun að breyttri þjónustu falli ekki í auknum mæli á mæður og viðkvæma hópa foreldra.

Gjaldskráin kemur sérstaklega til móts við einstæða foreldra, sem njóta afsláttá í öllum tekjuflokkum og hjá tekjulægsta hópnum lækka gjöld óháð lengd vistunar. Áhættan sem hér er vísað til snýr því ekki að gjalddökunni, heldur að því að þessi hópur hefur almennt minna svigrúm til að aðlagða vinnutíma og daglegt skipulag ef ekki gefst annar kostur en að stytta vistun.

Heildarmat jafnréttismatsins er að tillögurnar geti stutt við jafnrétti ef þær leiða til raunverulegrar styttingar á meðaldvalartíma barna og bættra starfsaðstæðna, án þess að auka óformlega umönnunarbyrði á fjölskyldur. Í ljósi þess að gjaldskrárbreytingarnar fela ekki í sér verulega kostnaðaraukningu fyrir foreldra heldur fremur hvata til breyttrar nýtingar, verður ekki talið að þær hafi í sjálfu sér verulega neikvæð áhrif á jafnrétti.

Jafnframt er lagt til að fylgst verði markvisst með áhrifum breytinganna með reglulegri gagnaöflun um nýtingu vistunar og aðlögun foreldra, til dæmis með því að bæta við spurningum í núverandi kannanir eða með reglulegri úrtaksrannsókn. Með því má greina hvort breytingarnar hafi ófyrirséð jafnréttisáhrif og bregðast við ef þörf krefur.

6. Heimildaskrá

Hagstofa Íslands. (2021). *Heimilisstörf í kórónuveirufaraldrinum – tilraunatölfræði*. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/tilraunatolfraedi/heimilisstorf-tt/>

Hagstofa Íslands. (2024). Vinnumarkaðsrannsókn: Atvinnupátttaka, starfshlutfall og starfandi eftir kyni og aldri. Sótt af <https://px.hagstofa.is>

Hagstofa Íslands. (2024). Starfandi í hlutastarfi og fullu starfi eftir kyni og aldri. Sótt af <https://px.hagstofa.is>

Hreiðarsdóttir, Anna Elísa, & Mörk, Svava Björg. (2025). Breytingar á rekstrarumhverfi leikskóla: Áhrif á velferð barna. Netla – Vefðimarit um uppeldi og menntun, Menntavísindasvið Háskóla Íslands. <https://doi.org/10.24270/netla.2025/10>

Ragnarsdóttir, Berglind Hólm, Gísladóttir, Kristín Heba, Bjarnadóttir, Valgerður S., & Staub, Maya. (2024). *Ójöfnuður meðal kvenna í íslensku samfélagi: Niðurstöður spurningakönnunar meðal kvenna*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri og Varða – rannsóknastofnun vinnumarkaðarins. ISBN 978-9935-505-13-2.

Reykjavíkurborg. (2018). Leiðbeiningar um gerð jafnréttismats. Reykjavík: Fjármála- og mannauðssvið Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg. (2020). Jafnréttismat á tillögum um breyttan opnunartíma leikskóla. Reykjavík: Reykjavíkurborg.

Reykjavíkurborg. (2021). Umbætur og skipulag leikskólastarfs. Reykjavík: Reykjavíkurborg.

Símonardóttir, S. (2025). „Ég held að þetta hafi alltaf byrjað sem leið til sparnaðar og svo fegrað með hvað er best fyrir börnin“. Viðtalsrannsókn við foreldra 2–5 ára barna í leikskólum í Kópavogi um áhrif breytinga á starfsemi leikskólanna á foreldra. Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins.

Stjórnarráð Íslands, Forsætisráðuneytið. (2021). *Verðmætamat kvennastarfa: Tillögur starfshóps forsætisráðherra um endurmat á virði kvennastarfa*. Reykjavík: Stjórnarráð Íslands.

Stjórnarráð Íslands. (2022). Kortlagning kynjasjónarmiða – Stöðuskýrsla 2022. Reykjavík: Forsætisráðuneytið.

Stjórnarráð Íslands. (2025). *Brúum umönnunarbilið: Skýrsla og tillögur aðgerðahóps*. Reykjavík: Stjórnarráð Íslands.

Svavarsson, Hörður. (2022). Börnin í veggjunum: Um rými barna í leikskólum. MA-ritgerð, Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Skemman.

Una Margrét Lyngdal Reynisdóttir. (2025). Tekjumissir við barneignir á Íslandi. <https://skemman.is/handle/1946/49746>.



Borgarráð

Reykjavík, 30. september 2025

MSS25050076

Leikskólaleiðin í Reykjavíkurborg - Umbætur í náms- og starfsumhverfi leikskóla, áfangaskil stýrihóps

Lögð eru fram til kynningar áfangaskil og tillögur stýrihóps um leikskólaleiðina í Reykjavíkurborg, þ.e. um bættar náms- og starfsaðstæður í leikskólum Reykjavíkurborgar. Í þessum fyrsta áfanga leggur stýrihópurinn fram tvær megentillögur í drögum sem hann óskar eftir að verði vísað til skóla- og frístundaráðs og fari þaðan í viðtækt samráðsferli. Tillögurnar varða skráningu á dvalartíma barna, breytt skipulag leikskólans og nýja gjaldskrá sem miðast við þetta breytta skipulag.

Leikskólaleið Reykjavíkurborgar felur í sér að leita samfélagslegrar sáttar um skipulag leikskólastarfs, auka fyrirsjáanleika fyrir leikskólasamfélagið, bæta starfs- og námsaðstæður og auðvelda mönnun. Miðað er við að tillögurnar taki gildi um áramót að loknu samráðsferli. Skipan stýrihópsins hefur verið framlengd til áramóta.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Umbætur í náms- og starfsumhverfi leikskóla – Tillögur stýrihóps um umgjörð leikskólastarfs.

Erindisbréf stýrihóps (spretthópur) um reglur um leikskólastarf



Reykjavík



Til: Borgarstjóra

Efni: Tillögudrög um umbætur í náms- og starfsumhverfi leikskóla - áfangaskil

Á vordögum, 22. maí 2025, skipaði borgarráð stýrihóp *um reglur í leikskólastarfi*, sem fékk það hlutverk að „skoða leiðir til að bæta mönnun og starfsaðstæður starfsfólks með það fyrir augum að draga verulega úr þörf fyrir fáliðunaraðgerðum í leikskólum borgarinnar og auka þar með fyrirsjáanleika í lífi barnafjölskyldna“.

Viðfangsefni hópsins hafa verið þessi:

1. Dvalartími barna
2. Skipulag leikskólastarfsins
3. Föstudagar frá kl. 14.00
4. Skráningardagar leikskóla
5. Gjaldskrá
6. Stuðningur við stjórnendur
7. Umsjónarmaður leikskólahúsnæðis
8. Íslenskufærni og íslenskukennsla starfsfólks
9. Sumarliðar
10. Starfspjálfun ófaglærðs starfsfólks

Stýrihópurinn leggur hér fram í drögum tvær megentillögur hópsins. Eru þær hugsaðar sem fyrsti hluti margvíslegra aðgerða sem hópurinn telur að ráðast þurfi í til að ná þeim markmiðum sem lagt var upp með í erindisbréfi hópsins. Hópurinn hefur þegar beðið borgarstjóra um framlengingu á störfum hópsins svo hann geti klárað að móta aðrar mikilvægar úrbótatillögur sem hann einnig telur að nái áðurnefndum markmiðum.

Markmið tillagnanna er að standa vörð um faglegt leikskólastarf og tryggja stöðugleika fyriri foreldra/forráðamenn, börn og starfsfólk. Þau snúa m.a. að skipulagi leikskóladagsins, dvalartíma barna og gjaldskrá leikskóla.

Tillaga 1: Fyrirsjáanleiki í skráningu dvalartíma barna og í skipulagi leikskólans.

Dvalarsamningar

Leikskólar verða áfram opnir frá kl. 7:30 – 16:30. Í upphafi leikskóladvalar eru gerðir dvalarsamningar fyrir leikskólabörn eftir því hversu langan dvalartíma þau þurfa á viku. Gert er ráð fyrir að dvalarsamningar verði að lágmarki 30 tímar og að hámarki 42,5 tímar á viku. Foreldrar geta áfram skráð mislanga viðveru á daga innan vikunnar og ósk um breytingar á dvalarsamningi skulu gerðar með mánaðarfyrirvara.



Reykjavík



Leikskóladagurinn

Allar náms- og leikstundir barna í leikskólanum eru gæðastundir sem sniðnar eru að aldri þeirra og þroska, menningu og aðstæðum í hverjum leikskóla fyrir sig. Hins vegar skal leikskólinn leitast við að skipuleggja helstu þætti skólanámskrár með fyrirsjáanlegum hætti innan tilgreindra 5-6 stunda á dag. Eins og Aðalnámskrá leikskóla kveður á um vinnur hver leikskóli skriflega og aðgengilega skólanámskrá þar sem menntastefna Reykjavíkurborgar, hugmyndafræðileg nálgun og gildi leikskólans koma fram. Á grunni skólanámskrár vinnur hver leikskóli starfsáætlun sem tekur gildi í upphafi skólaárs. Til að tryggja góðan fyrirsjáanleika er mikilvægt að kynna hana vel í leikskólasamfélaginu þegar starfsárið hefst.

Mannaflapörf

Tillögunum er ætlað að tryggja hámarksmönnun leikskólanna í 38 stundir alla virka daga þ.e. frá kl. 8.00 - 16.00 mánudag til fimmtudags og frá kl. 8.00 til 14.00 á föstudögum. Á öðrum tímum er reiknað með að mannaflapörfin verði minni.

Skráningadagar

Eins og áður gefst foreldrum tækifæri til að skrá börn sín í leikskóla á eftirfarandi dögum:

- Alla daga milli jóla og nýárs.
- Þrjá daga í dymbilviku í aðdraganda páska.
- Alla daga í vetrarleyfum grunnskóla, þrjá á haustönn og tvo á vorönn.

Sú breyting verður gerð að skráning fyrir alla skráningardaga mun fara fram í september ár hvert en ekki með mánaðarfyrirvara eins og nú er. Sérstakt gjald er innheimt vegna hvers skráningardags sem nýttur er en sé enginn skráningardagur nýttur fellur niður námsgjald fyrir maímánuð. Gert er ráð fyrir að mannaflapörf verði minni á skráningardögum.

Vinnuskylda starfsfólks	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
7:30 – 8:00					
8:00 – 10:00					
10:00 – 12:00					
12:00 – 14:00					
14:00 – 16:00					
16:00 – 16:30					

Fyrirsjáanleiki

Breytingunum er ætlað að ná auknum fyrirsjáanleika í skipulagi og mannaflapörf leikskólans. Skráningardögum og tímanum eftir kl. 14.00 á föstudögum er ætlað að mæta breyttum vinnutíma starfsfólks. Með breytingunum eru væntingar um að ófyrirséðum faliðunaraðgerðum, vegna öryggissjónarmiða, fækki til muna.



Tillaga 2: Breytt gjaldskrá sem miðast við breytt skipulag leikskóladagsins.

Núverandi [gjaldskrá](#) leikskóla Reykjavíkur skiptist í tvo flokka. Flokk I fyrir hjón og sambúðarfólk og flokk II sem er afsláttarflokkur fyrir einstæða foreldra, báða foreldra í námi, öryrkja og starfsfólk leikskóla Reykjavíkur. Greitt er fyrir dvalarstundir á dag og skiptast leikskólagjöldin í námsgjald og fæðisgjald.

Drög að nýrri gjaldskrá mun miðast við heildardvalartíma barna á viku og er útgangspunktur hennar 38 stundir á viku þar sem grunngjaldið. Allir núverandi afsláttarflokkar víkja fyrir nýjum afsláttarflokkum að undanskildum starfsmanna- og systkinaafsláttum. Tekið verður tillit til tekna foreldra undir ákveðnum tekjumörkum og sérstakt afsláttarkerfi verður innleitt fyrir þá. Ef barn er ekki skráð eftir klukkan 14 á föstudögum er veittur 25% afsláttur af námsgjöldum. Fyrir hvern skráningardag eru greiddar 4000 krónur. Þá bætist við nýr afsláttarflokkur ef enginn daganna er nýttur og þá falla námsgjöld niður fyrir allan maí á yfirstandandi starfsári.

Vistunartími á viku	Núverandi		Ný gjaldskrá					
	Flokkur I	Flokkur II	Almennt gj. vistun e. 14	Engin vistun eftir 14 fös.	Tekjuviðmið einst	Tekjuviðmið einst Starfsmannaafsl.	Tekjuviðmið Sambúð	Tekjuviðmið Sambúð
			Almennt	25% FÖS	80%	40%	60%	30%
32,5	27.882	18.483	21.820	19.320	13.820	17.820	15.820	18.820
35	32.071	21.949	26.774	23.774	17.174	21.974	19.574	23.174
38	33.307*	22.462*	30.774	26.774	17.974	24.374	21.174	25.974
40	34.542	22.974	46.774	38.774	21.174	33.974	27.574	37.174
42,5	39.106	24.858	66.774	53.774	25.174	45.974	35.574	51.174

Hér fyrir ofan má sjá áhrif breytinganna á mismunandi dvalarstunda á viku út frá núverandi gjaldskrá og öllum ofangreindum afsláttarflokkum nema systkinaafslætti. Gjaldið er samanlagt fæðisgjald og námsgjald.

Tillaga að nýrri gjaldskrá

Námsgjald fyrir 38 stundir á viku eru 16.000 kr. og eru innleiddir fjárhagslegir hvatar fyrir foreldra til að nýta bara þær dvalarstundir sem börn þeirra þurfa. Námsgjald fyrir hvern hálf tíma umfram 38 stundir á viku eru 4000 kr. Fæðisgjald helst óbreytt fyrir morgun-, síðdegishressingu og hádegismat. Ef dvalarstundir á viku eru undir 35 stundum fellur gjald fyrir síðdegishressingu út.

Sérstakur afsláttur á föstudögum eftir kl. 14:00

Ef barn er ekki með dvalartíma eftir kl. 14:00 á föstudögum verður veittur 25% afsláttur af námsgjaldi.

Tekjuviðmið, systkina- og starfsmannaafslættir

Auknir afslættir í formi tekjuviðmiða eru teknir upp í nýrri gjaldskrá sem ætlað er að verja efnaminni foreldra og barnafjölskyldur og þau sem eru í viðkvæmri stöðu. Tekjuviðmið



einstaklinga og sambúðarfólks munu miðast við heildartekjur á ári á grundvelli skattframtals frá Ríkisskattstjóra.

Tekjuviðmið einstæðra foreldra.

Lægra tekjuviðmið miðar við árstekjur undir 6,5 milljónum kr. á ári og hærra tekjuviðmið miðar við árstekjur frá 6,5 – 9,5 milljónum kr.

Lægra tekjuviðmið veitir 80% afslátt af námsgjaldi leikskóla og hærra tekjuviðmið 40% afslátt af námsgjaldi.

Tekjuviðmið hjóna og sambúðarfólks.

Lægra tekjuviðmið miðar við árstekjur undir 9,5 milljónum kr. á ári og hærra tekjuviðmið miðar við árstekjur frá 9,5 – 12 milljónum kr.

Lægra tekjuviðmið veitir 60% afslátt af námsgjaldi leikskóla og hærra tekjuviðmið 30% afslátt af námsgjaldi.

Starfsmannaafsláttur

Afsláttur fyrir starfsfólk leikskóla Reykjavíkur er 40% af námsgjaldi.

Hæsti afsláttur af námsgjaldi, sem er 80%, gildir fyrir ofangreint og afslættir leggjast ekki saman.

Systkinaafsláttur

[Systkinaafsláttur](#) helst óbreyttur eða 100% afsláttur af námsgjaldi fyrir eldra barn fyrir sama fjölda dvalarstunda og yngra barn. Veittur er 100% afsláttur af fæðisgjaldi fyrir fleiri en tvö börn. Afslátturinn gildir þvert á þjónustu leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila.

Dæmi um áhrif breytinga á gjaldskrá

Reiknivél fyrir tillögu um breytta gjaldskrá leikskóla verður aðgengileg á heimasíðu Reykjavíkurborgar á næstunni.

Greinargerð

Starfsumhverfi leikskóla hefur tekið miklum breytingum undanfarin 10 ár. Þar má nefna fjölgun barna og starfsmanna með fjölbreyttari menningarbakgrunn og fækkun leikskólakennara á sama tíma og faglegar kröfur hafa aukist. Einnig hafa úrbætur á húsnæði haft mikil áhrif en nokkrir leikskólar hafa þurft að flytja deildir til eða jafnvel skólann í heild sinni vegna ýmissa vandkvæða við húsnæði s.s. vegna loftgæðavanda. Þá hefur aukinn fjöldi undirbúningstíma, breytt vinnuskylda starfsfólks og aukið orlof skapað áskoranir.


Margt hefur verið gert til að koma til móts við þessar breytingar t.d. námsleyfi starfsfólks til að sækja sér leyfisbréf, íslenskunámskeið, aðgerðir til að fækka börnum í rými, skráningardagar til að styðja við breytta starfsskyldu starfsfólks og aukning á stjórnunarhlutfalli aðstoðarleikskólastjóra. Einnig er mikill stuðningur fólgin í því að nú er skólaþjónustan nær vettvangi með verkefninu *Betri borg fyrir börn* og fagstjórar í hverfum veita leikskólastjórum stuðning.



Árið 2021 var lögð fram skýrslan *Fagleg staða stjórnenda í skóla- og frístundastarfi* þar sem áskoranir stjórnenda á starfsstöðvum SFS voru greindar og lagðar fram tillögur til umbóta. Í skýrslunni kom sterkt fram að leikskólar skáru sig frá öðrum starfsstöðvum þegar kom að þeim áskorunum sem fylgja skorti á starfsfólki og forföllum annars vegar og skorti á fagfólki hins vegar. Enn eru þetta þær áskoranir sem helst hvíla á stjórnendum leikskóla svo sem sjá má af reglulegum fréttum um faliðun og ófyrirsjáanlega skerðingu á leikskóladvöl barna og þá þjónustuskerðingu við börn og foreldra samhliða henni. Sem dæmi má nefna að á árinu 2024 þurftu 49 af 67 borgarreknum leikskólum að grípa til faliðunaraðgerða einhvern tíma á árinu.

Nánari upplýsingar um faliðun í leikskólum Reykjavíkur á árinu 2024 má sjá hér:

Fjöldi leikskóla þar sem börn hafa verið send heim hluta úr degi eða allan daginn vegna faliðunar eftir mánuðum 2024



Undanfarin ár hefur skóla- og frístundasvið verið í sérstöku átaki með það að markmiði að fjölga fagmenntuðum leikskólakennurum en það er almunna að skortur á leikskólakennurum er einn stærsti vandinn sem leikskólar standa frammi fyrir. Samkvæmt lögum um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla frá 2019 kemur fram að við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skuli 2/3 hluti stöðugilda teljast til kennara. Samkvæmt nýlegri skýrslu frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu um stöðu leikskólakerfisins á Íslandi kemur fram að hlutfall leikskólakennara hefur farið lækkandi á liðnum árum. Þar kemur fram að árið 2016 hafi hlutfall leikskólakennara verið 33% en árið 2023 var hlutfallið orðið 25%. Þar að auki kemur fram að í 15 leikskólum af 260 leikskólum á Íslandi hafi enginn starfandi leikskólakennari verið að störfum, fyrir utan leikskólastjórnann. Það er mat stýrihópsins að ein mikilvægasta leiðin til að fjölga leikskólakennurum sé að gera nauðsynlegar úrbætur á starfsaðstæðum og starfsumhverfi leikskólanna í Reykjavík.

Tillögunum hér að ofan er meðal annars ætlað að vinna gegn ófyrirséðum faliðunaraðgerðum sem reynast foreldrum afar íþyngjandi og skapa þess í stað fyrirsjáanleika, samhliða því að standa vörð um faglegt starf leikskóla.



Reykjavík



Reykjavík, 22. maí 2025

MSS25050076

ERINDISBRÉF

Stýrihópur (spretthópur) um reglur um leikskólastarf

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjórinn í Reykjavík

Hlutverk:

Í samstarfsyfirlýsingu samstarfsflokka kemur fram að bæta eigi starfsaðstæður og vinnuumhverfi í leikskólum og fjölga leikskólaplássum. Þann 4. mars sl. var spretthóp falið að vinna tímasetta áætlun um uppbyggingu leikskóla. Sá spretthópur sem nú er skipaður fær það verkefni að rýna inntöku barna með jafnræði og jöfnuð að leiðarljósi og hagræði fyrir barnafjölskyldur.

Einnig skal hópurinn skoða leiðir til að bæta mönnun og starfsaðstæður starfsfólks með það fyrir augum að draga verulega úr þörf fyrir faliðunaraðgerðum í leikskólum borgarinnar og auka þar með fyrirsjáanleika í lífi barnafjölskyldna.

Stýrihópurinn skipa:

Líf Magneudóttir, formaður

Helga Þórðardóttir

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Sabine Leskopf

Árelía Eydís Guðmundsdóttir

Marta Guðjónsdóttir

Til ráðgjafar og samstarfs:

Stýrihópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil:

Stýrihópurinn skili ábyrgðaraðila kostnaðarmetnum tillögum fyrir 15. júní 2025.


Heiða Björg Hilmsdóttir
borgarstjóri



Reykjavík



Samantekt umsagna hagsmunaðila í október 2025

Umsagnir um tillögur að bættum náms- og
starfsaðstæðum í leikskólum



Bætt mönnun og starfsaðstæður í leikskólum

- Á vordögum, 22. maí 2025, skipaði borgarráð stýrihóp um reglur í leikskólastarfi, sem fékk það hlutverk að „skoða leiðir til að bæta mönnun og starfsaðstæður starfsfólks með það fyrir augum að draga verulega úr þörf fyrir fáliðunaraðgerðum í leikskólum borgarinnar og auka þar með fyrirsjáanleika í lífi barnafjölskyldna“. Stýrihópur lagði fram tillögur til umsagnar í lok september.
- Borgarstjóri lagði fram bréf þann 2. október 2025 á fundi borgarráðs, varðandi áfangaskil og tillögur stýrihóps um leikskólaleiðina í Reykjavíkurborg – bættar náms- og starfsaðstæður í leikskólum Reykjavíkurborgar, ásamt fylgiskjöllum.
- Á skóla-og frístundaráðsfundi 6. október 2025, var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 2. október 2025, þar sem tillögum stýrihóps um náms- og starfsumhverfi leikskóla var vísað til skóla- og frístundaráðs.



Umsagnir í gegnum samráðsgátt Reykjavíkurborgar

- Á fundinum var samþykkt svohljóðandi málsmeðferðartillaga: Lagt er til að óskað verði eftir umsögnum í gegnum samráðsgátt Reykjavíkurborgar vegna tillögudraga um umbætur í náms- og starfsumhverfi leikskóla. Bréf verði send á foreldraráð og foreldrafélög leikskóla Reykjavíkurborgar, leikskólastjóra og starfsfólk leikskóla Reykjavíkurborgar, stéttarfélag sem við á og skóla sem bjóða nám tengt leikskólum, með hvatningu um að senda inn umsagnir.



Tillögur stýrihóps – bættar náms- og starfsaðstæður í leikskólum Reykjavíkurborgar

Stýrihópur lagði fram tvær megin tillögur sem var vísað til skóla- og frístundaráðs og þaðan í viðtækt samráðsferli


Tillögurnar varða skráningu á dvalartíma barna, breyttu skipulagi leikskólans og nýrri gjaldskrá sem tekur mið af breyttu skipulagi.

Leikskólaleið
Reykjavíkurborgar felur í sér að leita samfélagslegrar sáttar um skipulag leikskólastarfs, aukin fyrirsjáanleika fyrir leikskólasamfélagið, bæta starfs og námsaðstæður og auðvelda mönnun.



Samráð

- Skóla- og frístundaráð samþykkti að senda fyrstu tillögur stýrihóps um bættar náms- og starfsaðstæður í leikskólum í víðtækt samráð
- Skóla- og frístundasviði var falið að halda utan um samráðið með áherslu á að kalla fram sjónarmið hagsmunaaðila; sjónarmið foreldra leikskólabarna, starfsfólks í leikskólum, forsvarsfólks stéttarfélaga, fræðasamfélagsins og allra þeirra sem láta sig málefni leikskólans varða.





Kynningarfundir

Kynningarfundir fyrir foreldraráð leikskóla í Reykjavík voru sex talsins og haldnir frá 7. - 14. október 2025

Kynning fyrir leikskólastjóra 26. september 2025 sem kynntu svo tillögurnar fyrir starfsfólkinu sínu

Kynning fyrir stjórnendur í sjálfstætt starfandi leikskólum í Reykjavík 13. október 2025



Samráðsgátt

- Samráðsgátt var opin í 2 vikur, 15. október – 29. október 2025 og í kjölfarið var unnið úr umsögnum.
- Alls bárust 185 ábendingar og umsagnir í samráðsgátt frá hagaðilum, m.a. frá starfsfólki og stjórnendum leikskóla, stéttarfélögum, foreldrum og foreldraráðum, Háskóla Íslands, félagasamtökum og öðrum. Á eftirfarandi hlekk inn á samráðsgátt er að finna umsagnirnar. <https://www.samradsvefur.is/mal/25>
- Niðurstöður úr samráðsgátt voru teknar saman á skrifstofu skóla- og frístundasviðs og sendar á stýrihóp þann 3. nóvember. Niðurstöður voru ræddar á fundi stýrihóps 5. nóvember.



Listi yfir hagaðila sem fengu bréf

Starfsfólk og foreldrar	Menntastofnanir og ráðuneyti	Stéttarfélög	Félagasamtök
Foreldraráð leikskóla	Háskóli Íslands	Kennarasamband Íslands	Heimili og skóli
Foreldrafélög leikskóla	Háskólinn á Akureyri	Þroskajálfafélag Íslands	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra
Foreldrar í leikskólum í Reykjavík	Borgarholtsskóli	Efling stéttarfélag	Einhverfusamtökin
Starfsfólk í leikskólum		Sameyki	Einstök börn
		BSRB	ADHD samtökin
		VR	
		ASÍ	
		BHM	



Umsagnir bárust frá 185 aðilum

Hópar	Fjöldi umsagna
Leikskólastjórar-starfsfólk	29
Foreldraráð/félög leikskóla	17
Stéttarfélög	13
Félagasamtök	11
Fræðasamfélagið	4
Foreldrar	98
Aðrir	13
Samtals	185



Stéttarfélög og félagasamtök sem sendu inn umsókn

Stéttarfélög	Félagasamtök
Efling	Öryrkjabandalag Íslands
KÍ - FL	Kvennréttindafélag Íslands
KÍ -FSL	Stígamót
BHM	Vinstri græn
Fagfélögin	Sósíalistafélag Reykjavíkur
Flugreyjufélag Íslands	Einhverfusamtökin og landsamtök þroskahjálpar
BSRB	Femínisk fjármál
Félag Hjúkrunarfræðinga	Félag einstakra mæðra
Félag iðn og tæknigreina	W.O.M.E.N samtök mæðra af erlendum uppruna
Félag atvinnurekenda	Ungar athafnakonur
Sjúkraliðafélag Íslands	Samleik-samtök foreldra barna í Reykjavík
ASÍ	
VR	



Samantekt á umsögnum - jákvæðar umsagnir

Margir fagna því að verið sé að leita leiða til að bæta starfsumhverfi leikskólakennara og starfsfólks. Það er almennt viðurkennt að manneklan og álag hefur verið mikið og að breytingar séu nauðsynlegar til að tryggja öryggi og vellíðan barna og starfsfólks.

Tillögurnar eru taldar geta aukið fyrirsjáanleika í starfi og dregið úr ófyrirséðum faliðunaraðgerðum, sem hefur verið mikið áhyggjuefni bæði fyrir foreldra og starfsfólk.

Foreldrar og stjórnendur leggja áherslu á að aukinn fyrirsjáanleiki í skipulagi leikskóla sé jákvæður, varðandi frídaga og mönnun.

Fram komu sjónarmið um að það sé jákvætt að stytta dvalartíma barna, sérstaklega yngstu barnanna. Það geti haft áhrif á líðan þeirra og fjölskyldulíf.

Tekjutenging á námsgjöldum er jákvæð fyrir tekjulægstu foreldrana.

Ánægja er með að hagsmunaaðilar fái að koma sínum sjónamiðum um tillögurnar á framfæri í samráðsgáttinni.

Stjórnendur leikskóla og fræðasamfélagið leggja áherslu á að breytingarnar geti skapað rými fyrir faglegra leikskólastarf og meiri stöðugleika.



Samantekt á umsögnum- neikvæðar umsagnir

Gagnrýni er á aukinn kostnað og gjaldskrárhækkunar fyrir einstæða foreldra. Til dæmis að námsgjöld hækka mikið hjá hópum sem ekki geta stýtt vistunartíma barna vegna vinnu eða fjölskylduaðstæðna.

Tekjuviðmið fyrir afslætti eru talin of lág, meðaltekjufólk og einstæðir foreldrar með meðaltekjur fá ekki afslátt af námsgjaldi þrátt fyrir að vera eina fyrirvinnan.

Foreldrar sem nýta fulla vistun vegna vaktavinnu, ferðatíma til leikskóla eða lítils baklandi lendi í að greiða hæstu námsgjöldin hafa ekki valkost um að lækka þau. Þar sem þau telja sig ekki geta nýtt afsláttinn eða styttri vistunartíma.

Gagnrýnt er að 25% afsláttur sé einungis veittur eftir klukkan 14:00 á föstudögum. Foreldrar vilja geta valið sér dag eftir þörfum.

Fyrirkomulag skráningardaga sé ósveigjanlegt og foreldrar geti ekki skipulagt allan veturinn fram í tímann hvaða skráningardaga þeir nýta. Tillagan sé óraunhæf fyrir vaktavinnufólk og foreldra með lítið bakland.



Samantekt á umsögnum - neikvæðar umsagnir frh

Breytingar á leikskólakerfinu auki álag á fjölskyldur og sérstaklega þá sem hafa ekki möguleika á að stytta vistunartíma barna sinna.

Tillögurnar geta haft neikvæð áhrif á jafnrétti kynjanna. Mæður taki oftár á sig aukið álag, minnka vinnuna og beri ábyrgð á börnum.

Bent er á að manneklan verði ekki leyst nema með auknum fjármunum og stöðugildum inn í leikskólanna.

Breytingarnar muni auka streitu, kvíða og valda fjárhagsáhyggjum á heimilum sem standa höllum fæti fyrir.

Gagnrýnt er að samráð hafi verið takmarkað og hefðu hagsmunaaðilar vilja fá betra samtal, gagnsæi og ítarlegri greiningu á áhrifum breytinganna.



Umsagnir hópa



Foreldraráðin kalla eftir samráði, skýru skipulagi og að breytingar leiði til raunverulegra umbóta. Kallað er eftir sanngjarnri gjaldskrá þar sem systkinaafsláttur verði áfram veittur. Vilja að afsláttur sé ekki bundinn við föstudaga heldur hægt að velja dag sem hentar fjölskyldunni. Gagnrýnt er langur fyrirvari á skráningardögum og óskað er að hægt verði að skrá tvisvar á ári. Lögð sé áhersla á að breytingarnar séu sanngjarnar fyrir alla hópa og upplýsingagjöf verði góð.



Starfsfólk leikskóla (stjórnendur og starfsfólk) vilja geta skipulagt starfsemi leikskóla betur eftir mönnun og nýtingu dvalarstunda. Stjórnendur lýsa áhyggjum yfir auknu álagi og vilja breytingar sem mæta álaginu, gefi fyrirsjáanleika fyrir starfsfólk og foreldra. Starfsfólk vill fá sama starfsmannafslátt og hefur verið.



Umsagnir hópa



Stéttarfélög hafa ólíka sýn á tillögurnar og á meðan sumir fagna styttingu dvalartíma barna sem hafi áhrif á bætt starfsumhverfi og telja breytingarnar skref í rétta átt þá leggja aðrir áherslu á að Reykjavíkurborg fjölgi stöðugildum, bæti kjör starfsfólks og starfsumhverfi leikskóla. Leikskólakerfið verði betur fjármagnað af rekstraraðilum en ekki á kostnað foreldra og starfsfólks. Vilja skýrt skipulag, fyrirsjáanleika og breytingar byggja á raunverulegum þörfum. Bent er á að hækkanir námsgjalda fyrir einstæða foreldra séu of miklar.



Fræðasamfélagið leggur áherslu á faglegt starf og gæði leikskólastarfs við skipulag á umbótum í náms- og starfsumhverfi leikskólans. Lögð sé áhersla á að dvalartími og skipulag leikskólans byggja á rannsóknum og menntastefnu en ekki eingöngu rekstrarlegum forsendum. Varað er við auknum kostnaði á foreldra og of lágum tekjuviðmiðum.



Umsagnir hópa



Félagasamtök vara við því að leggja aukinn kostnað á viðkvæma hópa s.s börn með sérþarfir, innflytjendur og lágtækjufjölskyldur. Mikilvægt sé að leggja áherslu á jöfnuð og aðgengi. Óskað er eftir meiri sveigjanleika í skráningu og þjónustu sérstaklega fyrir fjölbreyttar fjölskyldugerðir. Varað er við auknum ójöfnuði og skerðingu á jafnrétti, sérstaklega gagnvart konum og einstæðum foreldrum.



Aðrir hópar og einstaklingar vilja meiri sveigjanleika sem mætir vaktavinnufólki og fjölskyldum með óreglulegan vinnutíma. Óttast aukinn kostnað dvalargjalda og viðmið sem eru ósanngjörn. Varað er við auknum ójöfnuði og skerðingu á jafnrétti, sérstaklega gagnvart þeim sem hafa lítið bakland eða eru í viðkvæmri stöðu.



Reykjavík



